



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGGJAFARDEILD



Áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni

Rannsókn meðal þátttakenda í Starfsendurhæfingu Norðurlands

Halldór S. Guðmundsson
Atli Hafþórsson
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir
Kristján Már Magnússon
Guðný Björk Eydal

Útgefandi: Höfundar og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Háskóla Íslands
Febrúar 2011

© 2011 Höfundar

Skýrslan er prentuð í 40 eintökum,
og einnig birt vefrænt í opnum aðgangi

ISBN 978-9935-9026-4-1

Útdráttur

Rannsóknin er úttekt á áhrifum starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands (SN). SN hóf starfsemi sína árið 2003 og hafa starfsaðferðir hennar orðið öðrum starfsendurhæfingarmiðstöðvum hér á landi fyrirmynd. SN hefur m.a. tekið þátt í þróunarverkefni á vegum Leonardo-áætlunar Evrópusambandsins.

Í rannsókninni var notast við margprófunarsnið. Hún byggir á greiningu á niðurstöðum skimunarlista sem þátttakendur fylltu út í upphafi og við lok starfsendurhæfingar 6-18 mánuðum síðar. Einnig var lagður fyrir þátttakendur spurningalisti um núverandi stöðu þeirra, tíma í endurhæfingu, tekjur, félagslega einangrun og virkni. Þá voru tekin upplýsinga-viðtöl við þátttakendur, starfsmenn og stjórn SN.

Unnið var með tölfraðilegar upplýsingar um þýðið, 241 þátttakanda SN frá tímabilinu janúar 2006 til maí 2010. Allir þátttakendur höfðu fyllt út sjálfsmatslista ASEBA við upphaf starfsendurhæfingar, 100 þátttakendur fylltu út slíka lista bæði við upphaf og loka starfsendurhæfingar, greining var unnin á gögnum frá SN um 45 þátttakendur, 53 svöruðu símakönnun, viðtöl voru tekin við 7 og 44 höfðu hætt í endurhæfingunni án þess að ljúka henni.

Karlar voru 29% og konur 71% þýðisins. Yngsti þátttakandi var 16 ára, elsti 57 ára og meðalaldur tæp 33 ár. Um 71% þátttakenda höfðu grunnskólamenntun, 13% styttra starfsnám í framhaldsskóla, 10% stúdentspróf eða iðnnám og um 6% aðra menntun. Alls höfðu svo tæp 60% verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur áður en þeir hófu þátttöku í starfsendurhæfingu.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að starfsendurhæfingin dregur úr líkum á fátækt og félagslegri einangrun og eykur virkni. Hún leiðir til þess að staða mikils meirihluta þátttakenda batnar, erfiðleikar minnka, færni og aðlögun styrkist, virkni eykst og þá helst í vinnu og námi.

Rannsóknarverkefnið var styrkt af *Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun* á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Virk-starfsendurhæfingarsjóði

Lykilorð: Starfsendurhæfing, fátækt, félagslega einangrun, virkni, ASEBA, blönduð aðferð.

Abstract

The research constitutes an evaluation of the influence of rehabilitation on poverty, social exclusion and the activity level manifested by participants in the rehabilitation programme operated by SN –Rehabilitation Centre. This effort was launched in 2003 and its operational methods have become a functioning model for other rehabilitation programmes in Iceland. Furthermore SN has participated in a development programme under the auspices of the Leonardo Programme of the European Union.

The research applied a mixed method approach. Data was analysed from ASEBA self assessment list, which participants filled out at the beginning of the rehabilitation (N 241), and again by the end of the rehabilitation, six to eighteen months later (n 100). Randomly selected data about participants from SN, was analysed for 45 participants, and participants also received a questionnaire (n 53) about their current status, time spent on rehabilitation, income, social exclusion and level of activity. Programme participants (n 7), employees and the management board of SN were interviewed for the purpose of gathering information.

Men represented 29% and women 71% in the participants. The youngest participant was 16 years old and the oldest was 57 years old and average age was just below 33 years. Approximately 71% of the participants had completed primary school, 13 % had completed brief vocational training at secondary school level, 10% had completed upper secondary school studies or trade related apprenticeships, about 6% other studies. A total of almost 60% had been unemployed for a period of 6 months or longer prior to commencing their work rehabilitation programme.

The main conclusion from the research is that the work rehabilitation programme influences poverty, social exclusion and participation levels/activity. It provides improvement in the status of most of the programme participants, difficulties diminish, skills and adaptive levels are fortified and participation grows, mainly in work and studies.

The research project was funded by the European Year for Combating Poverty and Social Exclusion under the auspices of the Ministry of Welfare, and VIRK – the Icelandic Rehabilitation Fund.

Keywords: Vocational rehabilitation , poverty, social exclusion, activation, ASEBA, mixed method.

Helstu niðurstöður

- Starfsendurhæfing hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands hefur marktæk jákvæð áhrif á heilsu og líðan þátttakenda, eykur virkni í námi og vinnu, eflir sjálfstraust, eykur og bætir lífshamingju og samskipti við fjölskyldu og dregur úr félagslegri einangrun.
- Staða karla er að jafnaði verri en staða kvenna við upphaf starfsendurhæfingar. Staða yngri hóps er sömuleiðis verri en staða eldri hóps. Yngri karlar eiga við mesta erfiðleika að etja við upphaf starfsendurhæfingar á meðan konur í eldri hópi búa við minnsta erfiðleika.
- Kynferði og aldur hafa ekki áhrif á hve mikið líðan einstaklinga batnar við starfsendurhæfingu, þannig lækkar skor á erfiðleikakvörðum með sambærilegum hætti óháð kyni og aldri.
- Depurð og kvíði er helsta vandamál þátttakenda við upphaf starfsendurhæfingar. Skortur á sjálfstrausti og áhyggjur af framtíðinni eru sterkustu einkenni þessa meðal þátttakenda. Í afdrifakönnun sögðu 85% þátttakenda starfsendurhæfinguna hafa skilað þeim auknu sjálfstrausti.
- Þátttakendur sem lokið hafa starfsendurhæfingu eru að jafnaði ánægðari með líf sitt en áður og tæplega 70% þátttakenda telja sig ekki vera fátæka.
- Tekjuöflun þátttakenda breytist þannig að það fjölgar í hópi þeirra sem þiggja laun frá vinnuveitanda og hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Einnig fjölgar í hópi þeirra sem þiggja örorkulífeyri og lífeyrissjóðsgreiðslur. Á móti kemur að það fækkar í hópi þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur, fá framfærslu frá maka og/eða fjölskyldu og enginn svarenda sem hafði lokið starfsendurhæfingu, þurfti á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi að halda.
- Félagsleg einangrun þátttakenda einkennist meðal annars af því að vilja vera einn fremur en með öðrum, að leyna hlutum og forðast að eiga samskipti við annað fólk. Ríflega 60% þátttakenda í afdrifakönnun segja félagslega einangrun hafa minnkað við þátttöku í endurhæfingunni.
- Tími þátttakenda án atvinnu áður en komið er í endurhæfingu er mjög breytilegur, allt frá einum mánuði og til engrar atvinnusögu. Við útskrift stefna nánast allir þátttakendur í atvinnu og/eða nám. Í afdrifakönnun kemur í ljós að tæplega helmingur þátttakenda sem lokið hefur starfsendurhæfingu er í námi og tæp 60% hafa haft einhverja atvinnu frá því að endurhæfingu lauk.

- Sá hópur þátttakenda sem hættir í starfsendurhæfingu án þess að klára hana á við meiri heildarerfiðleika að etja en þeir sem halda áfram og klára. Í upphafsmælingu er vandi brottfallshópsins í ríkari mæli hegðunarerfiðleikar en hjá þeim sem klára endurhæfingu. Hlutfall karla í brottfallshópi er mun hærra en sambærilegt hlutfall karla í þeim hópi sem klárar endurhæfingu.
- Starfsendurhæfing hefur marktæk jákvæð áhrif á andlega líðan þátttakenda og dregur úr afstæðri fátækt og félagslegri einangrun. Um leið eykst virkni þátttakenda og þeir eru bjartsýnni á framtíð sína en áður.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Helstu niðurstöður.....	5
Efnisyfirlit.....	7
Myndayfirlit.....	9
1 Inngangur.....	11
2 Starfsendurhæfing Norðurlands.....	13
2.1 Aðdragandi og þróun.....	13
2.2 Breytingar og þróun í starfsumhverfi.....	14
2.3 Hugmyndafræði og markmið.....	16
2.4 Um þátttakendur í SN og starfsmannahald.....	18
2.5 Mat á árangri.....	18
3 Skilgreiningar á fátækt, félagslegri einangrun og virkni.....	20
3.1 Fátækt.....	20
3.2 Félagsleg einangrun.....	21
3.3 Virkni.....	22
4 Aðferðir og framkvæmd.....	24
4.1 Blönduð rannsóknaraðferð.....	24
4.2 Úrtök og úrtaksaðferðir.....	25
4.3 Um heildarúrtakið.....	28
4.4 Gagnaöflun með matslistum ASEBA.....	29
4.5 Gagnaöflun úr gagnasafni SN.....	31
4.6 Afdrifakönnun í síma.....	31
4.7 Gagnaöflun með viðtölum.....	32
5 Niðurstöður.....	34
5.1 Staða við upphaf og lok starfsendurhæfingar skv. ASEBA sjálfsmatslistum.....	34
5.1.1 Þýðið út frá aldri og kyni.....	34
5.1.2 Upphafs- og lokamæling.....	35

5.1.3	Líðan og hegðun fyrir og eftir starfsendurhæfingu	37
5.1.4	Hegðunarerfiðleikar og brottfall	39
5.1.5	Fjármál og fjárhagsleg staða.....	40
5.1.6	Félagsleg einangrun.....	42
5.1.6.1	Félagsleg aðlögun	43
5.1.6.2	Einangrun og depurð / kvíði í upphafi og við lok starfsendurhæfingar	43
5.1.7	Virkni í vinnu og námi.....	45
5.2	Skráð gögn frá SN við upphaf og lok starfsendurhæfingar	47
5.2.1	Virkni í vinnu.....	47
5.2.2	Virkni í námi.....	47
5.3	Símakönnun	48
5.3.1	Fátækt, fjárhagslega staða og viðhorf	48
5.3.2	Félagsleg einangrun.....	51
5.3.3	Virkni í námi eða þjálfun.....	52
5.3.4	Virkni í ólaunaðri vinnu eða sjálfboðaliðavinnu	52
5.3.5	Mat þátttakenda á árangri	53
5.4	Viðtöl við þátttakendur	54
5.4.1	Staða fyrir starfsendurhæfingu	54
5.4.2	Áhrif á fátækt	56
5.4.3	Áhrif á félagslega einangrun.....	56
5.4.4	Áhrif á virkni	58
6	<i>Umræða</i>	61
7	<i>Heimildir</i>.....	65
8	<i>Fylgiskjöl</i>.....	67
8.1	Spurningar ASR lista flokkaðar eftir safn- og undirpáttum.....	67
8.2	Kynningarbréf um símakönnun	71
8.3	Samþykkisyfirlýsing fyrir símakönnun	73
8.4	Spurningarlisti í símakönnun.....	74

Myndayfirlit

Mynd 1: Nokkrir þættir í breytingum og þróun starfsendurhæfingar á tímabilinu 1997 til 2010	16
Mynd 2. Skráð menntunarstig 241 þátttakenda skv. ASEBA matslistum við upphaf starfsendurhæfingar	28
Mynd 3. Safnþáttur heildaraðlögunar og virkni ásamt undirþáttum ASR 18-59 ára matslista	29
Mynd 4. Safnþættir og undirþættir (þáttabygging) ASR matslista fyrir 18-59 ára	30
Mynd 5. Heildarerfiðleikar þátttakenda fyrir og eftir starfsendurhæfingu, eftir kyni og aldri	35
Mynd 6. Hlutfall undir- /yfir klínískum mörkum við upphaf og lok starfsendurhæfingar	37
Mynd 7. Líðan og klínísk mörk fyrir og eftir starfsendurhæfingu, eftir kyni og aldri	38
Mynd 8. Hegðunarerfiðleikar og klínísk mörk fyrir og eftir starfsendurhæfingu	39
Mynd 9. Samanburður á kynjaskiptingu þeirra sem hafa klárað eða eru enn í endurhæfingu (n=197) og þeirra sem hættu í starfsendurhæfingu (n=44)	40
Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing svara við spurningu um „erfiðleika með stjórn peningamála“	41
Mynd 11. Hlutfallsleg dreifing svara við fullyrðingunni „ég er hamingjusöm (samur)“	42
Mynd 12. Einkennabættir líðan og félagslegar einangrunar í upphafi og í lok endurhæfingar	44
Mynd 13. Virkni í vinnu og námi við upphaf og lok starfsendurhæfingar	46
Mynd 14. Staða þátttakenda við útskrift skv. skráðum gögnum SN	48
Mynd 15. Ánægja með lífið almennt	49
Mynd 16. Afstaða til fjárhagsafkomu	50
Mynd 17. Samanburður á tekjuöflun þátttakenda fyrir, á meðan og eftir þátttöku í SN	51
Mynd 18. Mat þátttakenda á breytingum á félagslegri einangrun við þátttöku í starfsendurhæfingunni	52
Mynd 19. Svör þátttakenda um hvaða árangri starfsendurhæfingin hafi helst skilað þeim	53

Töfluyfirlit

Tafla 1. Þýðið sem rannsóknin nær til og mismunandi úrtök og gagnasöfnun	27
Tafla 2. Lýsandi tölfraði fyrir kvarða heildarerfiðleika (total problem scale) við upphaf endurhæfingar meðal úrtakshópa	27
Tafla 3. Innri áreiðanleiki (Alpha stuðlar) ASEBA sjálfsmatslista við upphafs- og lokamælingu	31
Tafla 4. Staða við upphaf starfsendurhæfingar hjá SN eftir kyni og aldri	34
Tafla 5. Samanburður á T-skori aðlögunarþáttanna vinum, maka og fjölskyldu.....	43
Tafla 6. Stigahæstu spurningar á þremur undirþáttum líðan við upphafs- og lokamælingu	45
Tafla 7. Meðalskor á kvarða aðlögunar í námi og vinnu við upphaf og lok starfsendurhæfingar.....	47
Tafla 8. Erfiðleikar þátttakenda í upphafi starfsendurhæfingar, flokkað eftir mati þeirra	55

1 Inngangur

Rannsókn þessi er úttekt á áhrifum starfsendurhæfingar á fátækt, félagslegri einangrun og virkni þátttakenda hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands (SN). Starfsendurhæfing Norðurlands hóf starfsemi á Húsavík í ágúst 2003 en flutti höfuðstöðvar sínar til Akureyrar 2006. Starfsaðferðir SN hafa orðið öðrum starfsendurhæfingarmiðstöðvum hér á landi fyrirmynd á síðustu 2-3 árum (t.d. í Hafnarfirði, Egilsstöðum, Reykjanesbæ og Ísafirði) og SN hefur einnig tekið þátt í þróunarverkefninu „Social Return ToI“ á vegum Leonardo-áætlunar Evrópusambandsins (Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010).

Rannsóknin var unnin undir stjórn Halldórs Sigurðar Guðmundssonar lektors við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, en auk hans unnu Bryndís Elfa Valdemarsdóttir stjórnsýslufræðingur, Kristján Már Magnússon sálfræðingur, Atli Hafþórsson þjóðfélagsfræðingur og Guðný Björk Eydal prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ að rannsókninni.

Rannsóknin byggist á greiningu á niðurstöðum skimunarlista sem þátttakendur á tímabilinu 2006 til maí 2010, fylltu út í upphafi og við lok starfsendurhæfingar 6-18 mánuðum síðar. Þá var unnið úr gögnum Starfsendurhæfingar Norðurlands um upphaf og afdrif þátttakenda og tekin viðtöl við þátttakendur. Einnig var lagður fyrir sérstakur spurningalisti um núverandi stöðu þátttakenda, tíma í endurhæfingu, tekjur, félagslega einangrun og virkni. Þá voru tekin upplýsingaviðtöl við starfsmenn og stjórn SN.

Í upphafi skýrslunnar er fjallað stuttlega um Starfsendurhæfingu Norðurlands, aðdraganda og þróun starfseminnar, hugmyndafræði og markmið. Einnig er fjallað almennt um starfsmenn og þátttakendur í starfsendurhæfingu. Þá er fjallað um hugtökin fátækt, félagsleg einangrun og virkni og í kjölfarið er yfirlit yfir framkvæmd rannsóknarinnar. Í rannsókninni er notast við margprófunarsnið og beitt bæði meginðlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Niðurstöðukaflanum er kaflaskipt eftir niðurstöðum úr mælingum á einstökum úrtakshópum. Að lokum eru heildarniðurstöður dregnar saman og fjallað um þær í víðara samhengi og horft til framtíðar.

Samhliða þessari rannsókn vann Þóra Ingimundardóttir, nemandi í MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf, lokaverkefni sitt um „*Félagslega einangrun og lífsgæði*“ þátttakenda í Starfsendurhæfingu Norðurlands. Ritgerð hennar telst því einnig hluti af

niðurstöðum og samantekt á verkefninu „áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni“.

Verkefnið var styrkt af *Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun* á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Virk - starfsendurhæfingarsjóði.

Styrktaraðilum, samstarfsfólki og stjórn og framkvæmdastjóra Starfsendurhæfingar Norðurlands eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn og samvinnuna. Þátttakendum í rannsókninni er sérstaklega þakkað fyrir þátttökuna.

2 Starfsendurhæfing Norðurlands

2.1 Aðdragandi og þróun

Starfsendurhæfing Norðurlands er byggð upp á grunni hugmynda heimamanna og umræðu á málþingi á vegum heilbrigðisráðuneytisins árið 2001. Núverandi framkvæmdastjóri SN var ráðinn til starfa til Húsavíkur árið 2002 en hann hafði áður verið starfandi í Reykjavík við tilraunaverkefni með langtímaatvinnulausa einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð. Það verkefni var því á líku sviði, þ.e. starfsendurhæfingar, sem byggðist á samvinnu ýmissa stofnana. Þessar hugmyndir og áherslur féllu vel að hugmyndum og reynslu heimamanna í Þingeyjarsýslu, sem höfðu velt því fyrir sér hvernig hægt væri að bregðast við vaxandi fjölda öryrkja og atvinnulausra á svæðinu. Heimamenn höfðu á undangengnum fjórum árum unnið sameiginlega að starfsendurhæfingu undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík. Í framhaldi af þessu var árið 2003 sett af stað sérstakt tilraunaverkefni sem miðaði að því að mæta þörfinni fyrir endurhæfingu (Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010; Heilbrigðisráðuneytið, 2005; Geirlaug Björnsdóttir, munnleg heimild, ágúst 2010).

Tilraunaverkefnið fékk fljótlega vinnuheitið BYR - starfsendurhæfing og haustið 2003 hófu fyrstu þátttakendur endurhæfingu. Góður árangur varð af verkefninu að mati stjórnenda og hann vakti athygli stjórnvalda nær og fjær. Framkvöðlar og stjórnendur tilraunaverkefnisins fluttu búferlum til Akureyrar og um líkt leyti hófst vinna við yfirfærslu verkefnisins til Eyjafjarðarsvæðisins og þá í samvinnu við svonefndan „Heilsuklasa“ sem er hluti af Vaxtarsamningi Eyjafjarðar. Árið 2006 var síðan stofnuð sjálfseignarstofnun undir heitinu Starfsendurhæfing Norðurlands (Geirlaug Björnsdóttir, munnleg heimild, ágúst 2010).

Stofnendum SN þótti mikilvægt að allir þeir aðilar sem vinna að málefnum öryrkja og atvinnulausra kæmu að verkefninu í samvinnu. Viðhorfið var að heilt kerfi þurfi „að vinna saman til þess að hægt sé að byggja upp einstakling“ (Soffía Gísladóttir, munnleg heimild, ágúst 2010). Hugmyndafræðin og aðferðin byggir á áherslu á þverfaglega samvinnu og endurhæfingu sem grundvallast á víðtæku samstarfi aðila í nærsamfélaginu.

Starfsemi SN þróaðist síðan enn frekar, meðal annars með fleiri endurhæfingarleiðum, og varð fyrirmynd og móðurstofnun annarra starfsendurhæfingarstöðva sem stofnsettar voru á næstu árum í öðrum landshlutum. SN hefur frá stofnun notið stuðnings ríkis og

sveitarfélaga og einstakra stofnana Starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins og hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir framsækið og metnaðarfullt starf (Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, 2009).

2.2 Breytingar og þróun í starfsumhverfi

Niðurstöður rannsókna benda til þess að vöxtur velferðarríkjanna hafi í mörgum tilvikum stöðvast fyrir síðustu aldamót. Þjónustan var endurskipulögð, samhliða því að stjórnvöld leituðu leiða til að fela einkafyrirtækjum og frjálsum félagasamtökum stærra hlutverk á þessu sviði (Pierson, 2001; Forsætisráðuneytið, 2006).

Árið 2002 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra starfshóp um starfsendurhæfingu í samræmi við samþykktir málþingsins 2001. Starfshópurinn skilaði tillögum árið 2005 og bendir á mikilvægi þess að sameina krafta, fjármuni og framtíðarsýn þeirra aðila sem koma að endurhæfingu. Tillögur hópsins miðuðu m.a. að því að hagsmunaaðilar kæmu að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis. Einnig miðuðu tillögurnar að því að sett yrði upp einhvers konar miðstöð starfsendurhæfingar, þekkingarmiðstöð, þar sem möguleikar fólks væru metnir og því leiðbeint um viðeigandi úrræði (Heilbrigðisráðuneytið, 2005; Forsætisráðuneytið, 2007).

Tillögur starfshópsins urðu ekki að veruleika og í lok árs 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra nýja nefnd, sem hlaut viðurefnið „Bollanefndin“. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að vinna tillögur að leiðum til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum höfðu ekki fest rætur á vinnumarkaði vegna örorku. Nefndin skilaði álit 2007 og í skýrslu hennar koma fram sömu áherslur og frá starfshópnum 2002, þ.e. að heildaryfirsýn og samhæfingu skorti. Þau fyrirtæki sem buðu upp á starfsendurhæfingu störfuðu ýmist samkvæmt þjónustusamningum við TR, félagsþjónustu sveitarfélaga, lífeyrissjóði eða byggðust á sjálfböðavinnu (Forsætisráðuneytið, 2007).

Árið 2008 var ákveðið af helstu samtökum launamanna og atvinnurekenda í landinu að „stuðla að breyttum vinnubrögðum í þessum málaflokki og tryggja aukna þjónustu við einstaklinga sem búa við heilsubrest af einhverjum toga“ (Virk - starfsendurhæfingarsjóður, 2010; Alþýðusamband Íslands, 2009). Þessir hagsmunaaðilar stofnuðu síðan Virk starfsendurhæfingarsjóð m.a. til þess að „byggja upp öfluga starfsendurhæfingu á

vinnumarkaði – samfélaginu öllu til heilla“ (Virk - starfsendurhæfingarsjóður, 2010; Alþýðusamband Íslands, 2009).

Í Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga frá júní 2009 er fjallað um Starfsendurhæfingarsjóð. Þar kemur fram að gjald frá atvinnulífínu til sjóðsins skuli lögfest frá árinu 2009. Sjóðurinn fái úr ríkissjóði 150 milljóna króna framlag á árinu 2010. Samkvæmt sáttmálanum á framlag ríkisins í sjóðinn að hækka í 250 milljónir króna árið 2011 og verða 350 milljónir króna árið 2012. Framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum voru lögfest frá 1. júlí 2010. Jafnframt skal lögfesta að ríkið greiði 0,13% af tryggingagjaldstofni til sjóðsins frá og með 1. júlí 2013 og verði framlag ríkisins þá að fullu komið til greiðslu (Fjármálaráðuneytið, 2010).

Eftir stofnun Virk - Starfsendurhæfingarsjóðs er því um tvöfalt starfsendurhæfingarkerfi að ræða, hið fyrra kerfi starfsendurhæfinga og við hlið þess hið nýja kerfi Virk. Hugmyndir eða áform um hvernig samvinna eða samþætting skuli eiga sér stað, liggja ekki fyrir svo vitað sé. Þessi niðurstaða var því í nokkru ósamræmi við fyrri tillögur sem lágu fyrir um opinbera stefnumótun þar sem gert var ráð fyrir aukinni samvinnu og samþættingu í málaflokknum og því að heildaryfirsýn og samhæfingu skorti.

Í maí 2010 var skipuð ný nefnd um starfsendurhæfingu af félags- og tryggingamálaráðherra. Hlutverk hennar er að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu um að tryggja öllum landsmönnum sama rétt til starfsendurhæfingar og starfshæfingar (Velferðarráðuneytið, 2011). Með skipun nefndarinnar er leitast við að ná saman öllum aðilum til að samhæfa starfsemi hinna ýmsu aðila á sviði starfsendurhæfingar, þ.m.t. Virk - starfsendurhæfingarsjóði.

Á mynd 1 er leitast við að sýna helstu kafla í þróun Starfsendurhæfingar Norðurlands og fyrrgreinda þætti á síðasta áratug, sem vafalítið hafa haft áhrif á framvindu og þróun SN.

	1997-2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Svæðisbundin þróun	Samstarf þjónustuaðila á Húsavík	Kynningarfundur á Húsavík		Samráðsfundur aðila	BYR- tilrauna-verkefni á Húsavík		Starfssefndur-hæfing Norðurlands stofnuð á Akureyri		Aðrar svæðisbundnar starfssefndurhæfingar stofnaðar víða um land		
Stefnumörkun, umræða og þróun á landsvísu		Málþing um starfssefndur-hæfingu	Starfsþópur heilbrigðis- og trygginaálaráðuneytis. Ábendingar um að samstarf og samhæfingu skorti				Bollanefndin. Ábendingar um að samstarf og samhæfingu skorti, fjölbreytni skorti og of lító fjármagn sé veitt til málaflokksins			Nefnd um samþættingu í starfssefndur-hæfingu	
	Virkefndir starfssefndurhæfingarstarfjóstjóður. Starfssvæði allt landið										

Mynd 1: Nokkrir þættir í breytingum og þróun starfsendurhæfingar á tímabilinu 1997 til 2010

2.3 Hugmyndafræði og markmið

Fram hefur komið að Starfsendurhæfing Norðurlands varð til á grunni hugsjónastarfs stofnendanna. Stjórn og stofnendur telja að hugsjónastarfið sem stofnun SN grundvallaðist á sé mikilsvert innlegg og í raun lykilinn að því að starfseminni sé haldið gangandi: „Það skiptir mjög miklu máli hvernig hugsjónir fólk hefur. Þeim er smitað áfram“ (Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands, munnleg heimild, ágúst 2010).

Alls eru tíu aðilar eða stofnanir á sviði velferðarþjónustu skráðir stofnendur Starfsendurhæfingar Norðurlands, samkvæmt 2. gr. skipulagsskrár nr. 973/2006: Akureyrarbær, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Framhaldskólinn á Húsavík, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, KEA, Lífeyrissjóður Norðurlands, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar v/vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðis. Í skipulagsskrá SN eru í 3. gr. tilgreind eftirfarandi markmið (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006):

- Að endurhæfa þátttakendur út í vinnu.
- Að auka lífsgæði þátttakenda.
- Að auka lífsgæði fjölskyldu hans.
- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldi nám.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Í skipulagsskránni segir að lögð sé áhersla á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda. Náms tengd endurhæfing er unnin í samvinnu við menntastofnanir á svæðinu, auk þess sem náíð samstarf er við Svæðisvinnumiðlun og atvinnulífið. Gert er ráð fyrir að þátttakandinn sé sjálfur virkur í endurhæfingu sinni frá upphafi og að hann komi m.a. með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar.

Starfsemin á Húsavík hófst með samvinnu aðila í byggðalaginu og án sérstakrar fjárveitingar til verkefnisins. Hugsjónin eða vonin um að geta bætt samfélagið var hvatinn til að þjónustustofnanirnar settu starfsendurhæfingu í forgang (Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands, munnleg heimild, ágúst 2010). Í viðtölum við meðlimi í stjórn SN kom m.a. fram að lágmarkslaun séu og hafi verið það lág að fólk hafi í einhverjum tilvikum talið sig komist fjárhagslega betur af á örorkubótum en í vinnu. Slíkt virki ekki endilega hvetjandi fyrir bótaþega en samt hafi margir skjólstæðinga Starfsendurhæfingar Norðurlands farið aftur í atvinnu. Stjórnarmenn SN lögðu áherslu á að ef takast eigi að efla einstaklinginn, draga úr félagslegri einangrun hans og efla virkni, þurfi heildstæða dagskrá og skipulag.

Endurhæfing SN er námstengd. Þátttakendur stunda nám á framhaldsskólastigi ýmist við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA) eða Framhaldsskólann á Húsavík. Auk þess er boðið upp á fjármálaráðgjöf, sálfræðiviðtöl og félagslega ráðgjöf og stuðning, hópefli/sjálfsstyrkingu og líkamspjálfun. Fyrri hluta árs 2010 voru í boði sjö leiðir til starfsendurhæfingar innan SN, sem allar miða að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða áframhaldandi nám að endurhæfingu lokinni. BYR nefnist sú leið sem lagt var af stað með í upphafi. Nýju leiðirnar hafa síðan þróast út frá ólíkum þörfum notenda. Leiðirnar sem eru nú í boði hjá SN og voru frá og með starfsárinu 2009 eru:

1. **Byr**, námstengd endurhæfing, tvær námsannir með atvinnuþátttöku yfir sumarmánuðina, ef einstaklingurinn er tilbúinn í það.
2. **Brúin**, stuðningsúræði fyrir þá sem eru í námi á eigin vegum og/eða fyrir þá sem eru komnir í vinnu en þurfa á stuðningi að halda.
3. **Skrefið til vinnu**, fyrir þá sem stefna sem fljótast úr endurhæfingu í vinnu á ný.
4. **Að breyta um lífsstíl**, fyrir þá sem þurfa á andlegri og líkamlegri uppbyggingu að halda. Þar er m.a. lögð áhersla á að efla sjálftraust og styrkja sjálfmynd einstaklingsins.
5. **ETNA** – 8 vikna heildræn endurhæfing.
6. **Menntasmiðja kvenna**.
7. **Annað** – einstaklingssamningar óháð sérstökum hópum.

(Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010)

SN hefur með breytilegum leiðum lagað starfsemi sína að því að mæta fólki með ólíkar þarfir. „Skrefið til vinnu“ og „Að breyta um lífsstíl“ eru dæmi um slíkar nýjar leiðir með 5-6 mánaða dagskrá. Þessi úrræði urðu m.a. til með samstarfi við rýnihóp notenda SN, sem skipaður er tveim einstaklingum úr hverjum hópnum sem sækir starfsendurhæfingu. Rýnihópurinn hefur það

hlutverk að sjá það sem vel er gert og benda á það sem má betur fara í starfseminni en jafnframt koma þar fram mikilvægar upplýsingar um líðan og viðhorf þátttakenda (Geirlaug Björnsdóttir, munnleg heimild, ágúst 2010).

Samstarfsaðilar SN sem jafnframt eru stofnaðilar sem og starfsmenn á þeirra vegum, veita þátttakendum SN þjónustu auk þess sem leitað er til ráðgjafa annarra stofnana og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. SN hefur einnig átt gott samstarf við Tryggingastofnun ríkisins varðandi þróun vinnulags, eins og við gerð einstaklingsbundinna endurhæfingaráætlana.

2.4 Um þátttakendur í SN og starfsmannahald

Hlutverk SN er að veita starfsendurhæfingu „þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn“ (Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010, bls. 3). Markmið SN er að veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og stuðning á heildstæðan hátt á meðan á endurhæfingu stendur og vinna með alla þá þætti sem hver og einn þátttakandi metur, í samráði við ráðgjafa SN, að hann þurfi á að halda til að hann komast aftur út á vinnumarkaðinn (Sama heimild).

Notendur SN eru einstaklingar sem eru á örorku/endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum, og einstaklingar sem er á bótum hjá Svæðisvinnumiðlun eða sveitarfélagi (Sama heimild).

Fastir starfsmenn Starfsendurhæfingar Norðurlands eru sjö í sex stöðugildum (fimm í 100% stöðu og tveir í 50% stöðu). Allir starfsmenn eru konur með menntun á sviði náms- og starfsendurhæfingar, félagsráðgjafar og iðjupjálfunar að undanskildum ritara. Meðaldur starfsmanna er 49,4 ár ef miðað er mannafla á miðju ári 2010. Starfsmönnum hefur fjölgað á undanförunum árum í takt við aukna eftirspurn eftir þjónustu SN (Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010).

2.5 Mat á árangri

Mat á árangri af starfsemi SN hefur fram til þessa verið gert með því að leggja ASEBA matslista (ASR sjálfsmatslista og ABCL aðstandandalista) fyrir þátttakendur í upphafi og við lok endurhæfingarinnar. Allir þátttakendur hafa svarað sjálfsmatslistum við upphaf

starfsendurhæfingar, en innan við helmingur hefur svarað að endurhæfingu lokinni. Einnig er haldin skrá um þátttakendur, hvert þeir fara við útskrift s.s. í nám eða vinnu og þær upplýsingar meðal annars birtar í ársskýrslum SN (Starfsendurhæfing Norðurlands, 2010).

3 Skilgreiningar á fátækt, félagslegri einangrun og virkni

3.1 Fátækt

Fátækt og félagsleg einangrun eiga sér fjölmargar birtingarmyndir. Þær sem eru mest sýnilegar fela í sér að fólk hafi hvorki í sig né á. Það hafi ekki bjargir til þess að mæta þörfum sínum og fjölskyldu sinnar, hafi ekki tekjur til að standa undir heimilisrekstri, safni skuldum og hafi t.d. ekki ráð á að leyfa börnum sínum að taka þátt í tómstundaiðju, skólaferðalögum o.þ.h. Fátækt leiðir til félagslegrar einangrunar þar sem fátæku fólki er ókleift að taka þátt í daglegum athöfnum, sem stærstur hluti samfélagsins telur sjálfsagðar. Samhliða fjárhagslegu fátæktinni dregur úr virkni fólks og félagsleg einangrun eykst (Guðný Björk Eydal, 2010; Stefán Ólafsson, 1999; Harpa Njálsdóttir, 2003).

Almennt er talað um tvenns konar skilgreiningar á fátækt. Annars vegar algilda fátækt og hins vegar afstæða fátækt. Með algildri fátækt er átt við að fátækt sé skilgreind út frá ákveðnum fátæktarmörkum. Þessi mörk eru gjarnan miðuð við lágmarksparfir einstaklinga. Þeir sem ekki geta uppfyllt þessar lágmarksparfir eru taldir undir fátæktarmörkum (Guðný Björk Eydal, 2010; Harpa Njáls, 2003).

Með afstæðri fátækt er átt við að fátæktarmörk eru skilgreind út frá aðstæðum í viðkomandi samfélagi og oftast er miðað við að mörkin séu dregin við ákveðið hlutfall tekna.. Gallar við afstæðar skilgreiningar á fátækt eru að þar sem þær ná oftast einungis til tekna gefa þær ekki nákvæmar upplýsingar um hvort tekjurnar duga fyrir nauðsynjum. Né heldur er tekið tillit til skulda og því veita slíkar mælingar ekki nákvæmar upplýsingar um hvernig afkoma fólks er í raun og veru (Guðný Björk Eydal, 2010).

Afstæð skilgreining á fátækt er notuð til að meta fátækt innan Evrópusambandsins, en þar er miðað við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Með ráðstöfunartekjum er átt við heildartekjur heimilisins eftir skatta og með ráðstöfunartekjum á neyslueiningu er átt við ráðstöfunartekjur með tilliti til fjölskyldustærðar. Þar með eru taldar félagslegar greiðslur. Undir félagslegar greiðslur falla ýmsar bætur, lífeyrir og styrkir sem einstaklingar og fjölskyldur geta fengið frá sveitarfélagi (Hagstofa Íslands, 2010). Samkvæmt þessum útreikningi (60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu) reiknuðust ráðstöfunartekjur einstaklings kr. 160.800.- árið 2009. Ráðstöfunartekjur fjögurra manna fjölskyldu (tveir fullorðnir og tvö börn) voru kr. 337.700 (Sama heimild).

Að mati stjórnar SN er birtingamynd fátæktar upplifun einstaklingsins af stöðu sinni. Fátækur er sá sem hefur minna milli handanna en aðrir og:

er einn í heiminum, hefur ekki stuðning og fjölskyldutengsl ... missir trúna á að draumar geti ræst. Það skapast vantrú, sem hefur áhrif á virkni og veldur einangrun. Öll prógrömmun hjá SN eru til að rjúfa einangrun og auka virkni. Eftirfylgnin á mikinn þátt í því. Þetta er ekki til neins ef þú situr bara heima. Reynslan sýnir að mikið átak þarf til að breyta stöðu hvers einstaklingsins (Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands, munnleg heimild, ágúst 2010).

3.2 Félagsleg einangrun

Undanfarin ár hefur félagsleg einangrun verið félagsvísindamönnum hugleikin. Sumir halda því jafnvel fram að félagsleg einangrun sé eitt af meginvandamálum nútíma þjóðfélags og skáki jafnvel gömlum hugtökum eins og fátækt (Ofak, Starc og Sabic, 2006).

Með félagslegri einangrun er meðal annars átt við að einstaklingar taki ekki þátt í félagslegum athöfnum með öðrum. Fátækt getur til dæmis haft þær afleiðingar að fólk getur ekki farið út að borða með vinum sínum, það getur ekki farið í bíó, farið í frí eða ferðalag vegna fjárhagslegrar stöðu sinnar (Levitas, Pantanzis, Patsios og Townsend, 2000).

Árið 2001 stofnaði Evrópusambandið nefnd til að rannsaka félagslega einangrun. Nefndin skilgreindi fjögur atriði sem mælividd á félagslega einangrun: *Fátækt, atvinnuleysi, vanheilsu og menntunarskort* (Dennis og Guio, 2003). Allir þessir þættir hafa gagnkvæm áhrif hver á annan. Ef einstaklingur missir vinnuna, aukast líkurnar á því að hann lifi undir fátæktarmörkum, sem aftur getur orðið til þess að andlegri heilsu hans hraki. Þegar heilsu hrakar og fátækt takmarkar þátttökumöguleikana, fækkar félagslegum athöfnum, sem aftur leiðir til félagslegrar einangrunar. Dragist atvinnuleysi á langinn getur það haft áhrif á fjölskylduna og þar með hamlað samskiptum við vini og önnur skyldmennni (Ofak o.fl., 2006). Örorka getur einnig leitt til félagslegrar einangrunar og fátæktar, sbr. rannsókn Guðrúnar Hannesdóttur (2010), sem sýnir að meirihluti öryrkja upplifir félagslega einangrun. Þeir sem metnir eru til örorku á miðjum aldri eru líklegri en þeir yngri til að verða félagslega einangraðir (Guðrún Hannesdóttir, 2009; Guðrún Hannesdóttir, Sigurður Thorlacius og Stefán Ólafsson, 2010).

Að missa vinnuna hefur hvað mest áhrif á félagslega einangrun. Vinna eykur ekki aðeins fjárhagslegt öryggi, heldur gefur hún einnig tækifæri til frama og vaxandi sjálfsöryggis (Levitas o.fl., 2000; Ofak o.fl., 2006). Þar sem atvinna er ein af forsendum þess að einstaklingar verði ekki félagslega einangraðir, er ljóst að menntun skiptir einnig miklu þar sem menntun hefur áhrif á aðgengi að vinnumarkaðinum.

3.3 Virkni

Virkni má skilgreina út frá bæði sálrænni og félagslegri vídd. Sálfræðilega tengist virkni jákvæðri sjálfsmynd, sjálfstrausti og sjálfsbjargarhæfni. Félagsleg virkni tengist ákvörðunarvaldi, þátttöku í félagslegum athöfnum og stjórn á eigin lífi (Lundberg, Hansson, Wentz og Björkman, 2008). Hægt er að auka virkni fólks með því að styrkja það til að nýta sér borgaraleg réttindi sín og sjálfsákvörðunarrétt. Með aukinni virkni öðlast einstaklingurinn aukið vald og aukna möguleika á að hafa áhrif á eigið líf (valdefling). Segja má að virkni sé andstaða félagslegrar einangrunar. Fátækt, atvinnuleysi, vanheilsa og menntunarskortur leiða m.a. til einangrunar en félagsleg og námsleg virkni auka hins vegar líkur á atvinnuþátttöku og vinnur gegn fátækt og vanheilsu.

Félagslegir og sálrænir þættir virkni hafa þannig gagnkvæm áhrif á hver annan, á sama hátt og þeir þættir sem leiða til einangrunar. Meiri líkur eru á að einstaklingur sem missir vinnuna haldi andlegri og líkamlegri heilsu, ef hann tekur virkan þátt félagslega, námslega og menningarlega. Fjölgi félagslegum athöfnum hans og aukist virkni hans almennt, verða lífsgæðin meiri, depurðin minni og kjarkur og úthald meira til að sækja nám. Þannig aukast líkurnar á atvinnuþátttöku. Allar líkur eru á að hægt sé að minnka áhrif örorku á félagslega einangrun og fátækt, ef hægt er að virkja öryrkja til þátttöku í starfsendurhæfingu sem tekur á vanda einstaklingsins og byggir hann upp til virkari þátttöku í samfélaginu (Guðrún Hannesdóttir, 2010; Þóra Ingimundardóttir, 2010; V. Helga Valgeirsdóttir, 2010; Halldór Sig. Guðmundsson, 2008).

Vaxandi áhersla er innan Evrópusambandsins að félagsþjónustan/velferðarþjónustan virki fólk til þátttöku á vinnumarkaði. Notendum eru í auknum mæli veittar upplýsingar um atvinnu og atvinnumöguleika, um menntun og þjálfunarúrræði. Ivar Lödemel (2009) hefur fært rök fyrir því að með aukinni áherslu á virkni (*activation*) sé velferðarþjónusta

velferðarríkjanna að taka breytingum í þá átt sem hann kallar „vinna til velferðar“ (*workfare* í stað *welfare*). Flest ríki leggi áherslu á úrræði sem grundvallist á þeirri hugmyndafræði að efla þátttöku og ábyrgð einstaklinga í gegnum virkni og atvinnuþátttöku.

Áhersla á að virkja þá sem leita fjárhagsaðstoðar hefur aukist á Norðurlöndunum undanfarna áratugi. Meginmarkmið þessara breytinga er að stuðla að því að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði og að sem fæstir þurfi að leita fjárhagsaðstoðar. Ísland, eitt Norðurlandanna, hefur ekki breytt löggjöf um fjárhagsaðstoð í þá átt að hvetja til aukinnar virkni þeirra sem þiggja slíka aðstoð (Guðný Björk Eydal, 2009).

Í 1. grein Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 segir að félagsþjónustan eigi að sjá til þess að einstaklingar taki ábyrgð á sjálfum sér og öðrum. Virða skal sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga og styrkja til sjálfshjálpar. Í íslenskri löggjöf er ekki fjallað frekar um hvaða kröfur megi gera til þeirra sem þarfnast fjárhagsaðstoðar. Flest sveitarfélög hafa engu að síður sett í reglur ákvæði um að takmarka megi fjárhagsaðstoð ef atvinnuleitendur neita vinnu eða að taka þátt í úrræðum sem í boði eru. Akureyrarbær hefur til dæmis sett slík viðmið (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991; Guðný Björk Eydal, 2009; Lena Hrönn Marteinsdóttir, 2010).

4 Aðferðir og framkvæmd

4.1 Blönduð rannsóknaraðferð

Í rannsókninni var notuð blönduð aðferð (*mixed method*). Með því er notast við bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir og þær notaðar til afla gagna og greina eða túlka niðurstöðurnar. Á þennan hátt er hægt að nýta styrkleika beggja aðferða og samnýta þær til að varpa skýrara ljósi á viðfangsefnin. Blönduð aðferð gerir því kröfu um víðtæka gagnaöflun sem í raun útheimtir meiri vinnu en ef notuð væri aðeins ein aðferð. Að auki þurfa rannsakendur sameiginlega að geta rætt og túlkað niðurstöðurnar (Creswell og Clark, 2007). Í þessari rannsókn var margprófunarsniði (*triangulation*) beitt til að auka áreiðanleika niðurstaðnanna með margprófun.

Með hliðsjón af rannsóknarspurningunni „*Hefur starfsendurhæfing áhrif á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda?*“ var ákveðið að afla gagna með margbreytilegum hætt, leitast við að samhæfa gagnaöflun og að hún næði til sem flestra þátttakenda. Ákveðið var að greina fyrst gögn frá matslistunum ASEBA (*Achenbach System of Empirically Based Assessment*) sem þátttakendur höfðu fyllt út við upphaf og lok starfsendurhæfingar. Um var að ræða sjálfsmatslista (ASR) fyrir aldurinn 18-59 ára. Með hliðsjón af þeirri athugun, að leita eftir viðbótarupplýsingum úr gagnaskrá SN eins og tilvísunaraðila, útskriftartíma og afdrif. Viðtalsþemu og spurningar í símakönnun voru líka formaðar með hliðsjón af þeim athugunum og niðurstöðum með það að leiðarljósi að fá fram skýrari sýn og túlkun þátttakenda á reynslu sinni og viðhorfum. Hvert gagnasafn var greint sérstaklega og síðan leitast við að túlka niðurstöður í heild.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og hlaut skráningarnúmerið S4882/2010. Leitað var samstarfs við stjórn SN um rannsóknina og um aðgang að tölulegum upplýsingum. SN sendi einnig út kynningarbréf frá rannsakendum til þátttakenda vegna símakönnunar og viðtala. Á þann hátt var tryggt að rannsakendur höfðu ekki beinan aðgang að þátttakendum SN nema fyrir lægi samþykki til þátttöku.

4.2 Úrtök og úrtaksaðferðir

Þessi rannsókn á áhrifum starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda er unnin sem hluti *Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010*. Rannsóknin nær í heild sinni til 241 þátttakanda sem sótt hefur starfsendurhæfingu hjá SN. Stór hluti hópsins hefur lokið þátttöku, aðrir eru enn að og enn aðrir hafa hætt þátttöku starfsendurhæfingunni.

Í rannsókninni var upplýsingum um þátttakendur safnað á eftirfarandi hátt:

1. Allir þátttakendur (N=241) fylltu út ASR sjálfsmatslista þegar þeir hófu þátttöku í starfsendurhæfingu. Unnið var úr svörum þátttakenda til að lýsa heildarhópnum við upphaf endurhæfingar. Staða hópsins við lok endurhæfingarinnar var síðan könnuð með mismunandi aðferðum, bæði meginðlegum og eigindlegum, sbr. atriði 2 til 6 hér að neðan.
2. Megináhersla var lögð á að skoða þann hóp þátttakenda sem svöruðu ASR listunum bæði í upphafi og við lok starfsþjálfunar, en það voru samtals 100 þátttakendur (43% af heildarhópnum/þýðinu). Meginniðurstöðurnar um áhrif starfsendurhæfingar fengust við að greina svör þessara þátttakenda. Samkvæmt upplýsingum SN virðist sem tilviljun hafi ráðið því hverjir þátttakenda hafa svarað matslista bæði við upphaf og lok. Áform SN voru að allir þátttakendur skiluðu slíkum listum. Möglegar skekkjur gætu falist í þessu þar sem þeim sem betur gekk eða þeim sem verr gekk í SN, hafi frekar eða jafnvel síður tekið þátt í svörum matslista í lokin. Athugun rannsakenda á gögnum og viðtöl við starfsmenn SN um þessi atriði, gáfu ekki tilefni til annars en að tilviljun ein hafi ráðið hverjir þátttakenda svöruðu þessum 100 matslistum við lok endurhæfingar.
3. Framkvæmd var símakönnun meðal 53 þátttakenda, sem höfðu lokið starfsendurhæfingu, til að spyrja þá um aðstæður þeirra og afdrif. Úrtakið var tilviljunarúrtak úr hópi þeirra sem lokið höfðu starfsendurhæfingu. Af þessum 53 voru 23 þeirra (43% af úrtakshóp) hluti af 100 manna hópnum, en 30 voru utan hans, þ.e. höfðu ekki svarað ASR matslista við lok starfsendurhæfingarinnar.
4. Aðstæður þátttakendahópsins voru einnig skoðaðar með því að greina gögn sem Starfsendurhæfing Norðurlands tók saman úr skrá sinni um þátttakendur, s.s. um

tilvísunaraðila, vanda þátttakenda við upphaf starfsendurhæfingar, afdrif við lok starfsendurhæfingar, o.fl. Á grundvelli upplýsinga um fjölda á númeruðum lista SN var tekið slembiúrtak úr hópi þeirra sem lokið höfðu starfsendurhæfingu. Alls voru greind gögn um 45 þátttakendur á þennan hátt. Af þeim voru 22 (46%) sem einnig voru hluti af 100 manna hópnum.

5. Til að skoða enn frekar upplifun og mat þátttakenda sjálfra á endurhæfingarferlinu og fá dæmi um hvernig þátttakendur upplifðu starfsendurhæfinguna, voru tekin viðtöl við 7 þátttakendur. Þrír (43%) þeirra tilheyrðu hundrað manna hópnum, sem áður er nefndur, en fjórir voru utan hans.
6. Þeir 44 þátttakendur sem ekki luku starfsendurhæfingu, þ.e. þeir sem höfðu hætt án þess að ljúka endurhæfingunni, voru skoðaðir sérstaklega þ.e. hvort þessi brottfallshópur aðgreindist að einhverju leyti frá hinum sem luku starfsendurhæfingu.

Í töflu 2 er lýst samsetningu hvers úrtakshóps og þýðisins. Í töflunni má sjá sundurliðun á fjölda einstaklinga eftir þátttöku þeirra í ólíkum mælingum. Sem dæmi má sjá að 20 þeirra sem svöruðu sjálfsmatslistum við upphaf og lok starfsendurhæfingar svöruðu einnig spurningum í símakönnun. Jafnframt má sjá að alls þrír einstaklingar svöruðu sjálfsmatslistum bæði við upphaf og lok endurhæfingar, tóku þátt í símakönnun og komu fyrir í gagnasafni frá Starfsendurhæfingu Norðurlands. Nokkur skörun var í gagnasafninu sbr. töflu 1.

Tafla 1. Þýðið sem rannsóknin nær til og mismunandi úrtök og gagnasöfnun

ASEBA Upphafsmæling (þýðið)	ASEBA Upphafs- og lokamæling	Símakönnun	Gögn frá S.N.	Viðtöl	Hættu í endurhæfingu
50					
58	58				
20	20	20			
3	3	3	3		
16	16		16		
3	3		3	3	
24		24			
6		6	6		
13			13		
4			4	4	
44					44
241	100	53	45	7	44

Samanburður var gerður á heildarskori (total problem scale) einstaklinga eftir úrtakshópum. Eins og sjá má á töflu 2 reyndist meðaltal hópanna mjög svipað, að því undanskildu að hópurnir sem hætti í starfsendurhæfingu reyndist búa við meiri heildarerfiðleika en aðrir.

Tafla 2. Lýsandi tölfræði fyrir kvarða heildarerfiðleika (total problem scale) við upphaf endurhæfingar meðal úrtakshópa

	Fjöldi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Staðalfrávik
ASEBA upphafsmæling	50	60,69	37	79	9,17
ASEBA upphafs- og lokamæling	100	61,49	36	82	9,75
Símakönnun	53	60,15	40	80	8,90
Úrtak SN	45	62,81	39	80	8,29
Viðtöl	7	60,80	48	80	9,25
Hættu í endurhæfingu	44	64,32	44	90	9,18
Þýði þátttakenda SN	241	61,49	36	90	9,40


Sé meðaltal hópsins sem hætti í endurhæfingunni borið saman við heildarmeðaltal þeirra sem eftir standa kemur í ljós að það er marktækt hærra en meðal þeirra sem hafa lokið eða eru enn í endurhæfingu ($t_{(239)}=2,23; p=,027$). Slíkur munur kom ekki fram ef aðrir hópar voru einangraðir og bornir saman við þá sem eftir stóðu (t-próf óháðra úrtaka og dreifigreining).

Þetta þýðir að sé hópnum, sem hætti í endurhæfingu, sleppt eru umfang og dreifing heildarerfiðleika hvers hóps dæmigerðir fyrir þýðið.

Tölfræðileg úrvinnsla byggist á lýsandi tölfræði í formi krosstafla og kí-kvaðrat prófa og ályktandi tölfræði í formi t-prófa háðra og óháðra úrtaka, tvíbreytu dreifigreiningu og dreifigreiningu endurtekinna mælinga.

4.3 Um heildarúrtakið

Heildarúrtakið í rannsókninni telur 241 einstakling þar sem karlar eru 29% og konur 71%. Yngsti þátttakandi er 18 ára og elsti er 57 ára. Meðalaldur úrtaksins er rétt tæp 33 ár. Í tölfræðilegri úrvinnslu er hópnum skipt upp í tvo aldurshópa í samræmi við aldurshópa ASEBA matslistanna; 18-35 ára og 36-59 ára. Hlutfallsleg skiptingin aldurshópanna er þannig að 62% tilheyra yngri hóp og 38% eldri hóp. Rúm 52% þátttakenda eru í sambúð með maka og 57% eru foreldrar með börn. Aðrir búa einir, með foreldrum eða öðrum. Meirihluti einstaklinga í heildarúrtakinu, alls 79%, hefur aðeins lokið grunnskólaprófi. Niðurstöður athugunar á menntun þátttakenda má sjá á mynd 2.



Mynd 2. Skráð menntunarstig 241 þátttakenda skv. ASEBA matslistum við upphaf starfsendurhæfingar

4.4 Gagnaöflun með matslistum ASEBA


Starfsendurhæfing Norðurlands hóf í byrjun árs 2006 að leggja ASEBA skimunar- og matslista fyrir notendur þjónustu sinnar. Markmiðið var að nota matslistana til að meta stöðu þátttakenda svo það nýttist við áætlanagerð þátttakendanna sjálfra um endurhæfinguna og jafnframt að safna með reglubundum hætti stöðluðum upplýsingum til að leggja mat á árangur starfsendurhæfingarinnar, bæði einstaklingsbundinn og starfsemina í heild.

SN notar tvo matslista ASEBA (*Achenbach System of Empirically Based Assessment*) fyrir aldurinn 18-59 ára: ASR sjálfsmatslista (*Adult Self Report*) og ABCL matslista fyrir aðra sem þekkja til viðkomandi (*Adult Behavior Checklist*). Á listunum, sem eru fjórar blaðsíður, eru spurningar um vini og vinatengsl, hjúskaparstöðu og samskipti við maka, upplýsingar um fjölskyldu og samskipti við fjölskyldumeðlimi, atvinnu og samskipti á vinnustað, menntun og stöðu í námi, sem saman gefa mynd af heildaraðlögun og virkni viðkomandi eins og sjá má á mynd 3 (*Mean Adaptive Score*).



Mynd 3. Safnpáttur heildaraðlögunar og virkni ásamt undirpáttum ASR 18-59 ára matslista

Þá eru 123 spurningar eða fullyrðingar með þremur svarkostunum, þar sem 0 = *ekki rétt*, 1 = *að einhverju leyti eða stundum rétt* og 3 = *á mjög vel við eða er oft rétt*. Við úrvinnslu mynda svörin við fullyrðingunum safnpættina; heildarerfiðleikar (*Total problem*), líðan (*Internalizing*) og hegðun (*Externalizing*) ásamt átta undirpáttum. Í lok listans eru spurningar um neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna (sjá nánar í fylgiskjali 1).



Mynd 4. Safnpættir og undirpættir (þáttabygging) ASR matslista fyrir 18-59 ára

Unnið er úr svörum ASEBA matslistanna í ADM (*Assessment Data Manager*), sérstökum hugbúnaði sem skilar notendum úrvinnslu í formi stuttorðaðar skýrslu, línu- og stöplarítum fyrir einstaka þætti með hráskorum og t-gildum út frá bandarískum viðmiðum (sjá mynd 4). Einnig er hægt að gera samanburð á svörum upplýsingagjafanna ef aðrir en þátttakandi sjálfur meta stöðu hans (*Cross Informant Comparison*). Við úrvinnslu þarf að hafa í huga að viðmiðunarmörk (*borderline /clinical range*) eru reiknuð út frá t-gildum eins og þau eru skilgreind í hugbúnaði og handbókum matslistanna og eru þau viðmið notuð þar sem við á í þessari rannsókn (Achenbach og Rescorla 2003; Halldór Sig. Guðmundsson 2006; Halldór Sig. Guðmundsson 2008).

Gögn úr ASEBA gagnagrunni SN voru flutt úr ADM hugbúnaði yfir í SPSS (útgáfu 15) til tölfraðilegrar vinnslu. Í þessari rannsókn er einungis unnið úr ASR svörum (*sjálfsmatslistum*) þátttakenda í SN sem lágu fyrir þann 31. maí 2010.

Reiknaður var innri áreiðanleiki undirþátta og safnþátta ASEBA sjálfsmatslistanna fyrir úrtakshópin (100) og einnig þann hluta gagna SN þar sem ekki lá fyrir lokamæling. Niðurstaða Alpha stuðla í töflu 3 sýnir háan innri áreiðanleika (yfir 0,7) nema varðandi einn þátt. Aðrir þættir gefa nánast sömu niðurstöðu og stöðlunarúrtak í handbókum matstækisins.

Tafla 3. Innri áreiðanleiki (Alpha stuðlar) ASEBA sjálfsmatslista við upphafs- og lokamælingu

	Upphafsmæling		Lokamæling
	(n=141)	(n=100)	(n=100)
Líðan	0,90	0,93	0,94
-Kvíði/þunglyndi	0,91	0,91	0,91
-Hlédrægni/óframfærni	0,70	0,77	0,78
-Líkamleg vanlíðan	0,79	0,82	0,84
Hegðun	0,87	0,90	0,89
-Reiði/ýgi hegðun	0,86	0,89	0,86
-Óhlýðni/andfélagsleg hegðun	0,79	0,71	0,73
-Uppþrengjandi hegðun	0,66	0,69	0,70
Erfiðleikar með hugsanir	0,72	0,75	0,79
Athygli-/einbeitingarerfiðleikar	0,82	0,86	0,80

4.5 Gagnaöflun úr gagnasafni SN

Auk gagna sem byggja á ASEBA listunum, beittu rannsakendur fleiri leiðum til gagnasöfnunar, eins og áður er lýst. Bakgrunnur og staða 45 skjólstæðinga SN var skoðað, með því að yfirfara gögn unnin upp úr gagnasafni Starfsendurhæfingar Norðurlands. Úr þessu gagnasafni voru dregnar fram upplýsingar um tilvísunaraðila, atvinnustöðu við upphaf starfsendurhæfingar, hversu lengi þátttakendur hafi verið án atvinnu við upphaf endurhæfingarinnar og stöðu þeirra við útskrift. Þessar upplýsingar voru ekki gerðar upp út af fyrir sig, heldur einungis notaðar sem grunnbreytur í tengslum við ASEBA matið og afdrifakönnunina og einnig notaðar til samanburðar annarra gagna sem innihéldu sömu upplýsingar frá öðrum tímapunktum s.s. upphafsmælingu og niðurstöður símakönnunar á atvinnustöðu.

4.6 Afdrifakönnun í síma

Fyrirlögn símakönnunar var gerð dagana 19. – 24. nóvember 2010. Í úrtaki sem valið var með tilviljun voru alls 90 einstaklingar og bárust svör frá 53 þátttakendum. Svarhlutfallið var því 58,9%. Þeim sem lent höfðu í úrtakinu var sent kynningarbréf og spurningalisti með pósti (sjá fylgiskjöl 8.2-8.4). Starfsmenn rannsóknarinnar hringdu svo í einstaklinga og tóku niður svör þeirra sem náðist til og tilbúnir voru að taka þátt. Með góðfúslegu samþykki Guðrúnar Hannesdóttur var spurningalistinn að hluta til byggður á sömu spurningum og notaðar voru í rannsókn hennar og félaga á högum örorkulífeyrispega (Guðrún Hannesdóttir, 2010).

Til að meta áhrif starfsendurhæfingar á **virkni** þátttakenda voru skoðuð svör þátttakenda við eftirfarandi fjórum spurningum úr könnuninni; (sp. 17) *Ertu í einhverju námi núna?* (Sp. 20) *Hefur þú haft einhverja vinnu síðan þú laukst starfsendurhæfingunni?* (Sp. 24) *Hefur þú stundað einhverja ólaunaða vinnu á síðastliðnum sex mánuðum, t.d. barnapössun, umönnun aldraðra/sjúkra eða önnur sjálfboðastörf (þar með talið fyrir vini og vandamenn)?* (Sp. 21) *Hefur þú verið í launaðri vinnu á síðastliðnum sex mánuðum (síðan í maí)?*

Til að skoða áhrif starfsendurhæfingar á **félagslega einangrun** þátttakenda var notast við eina spurningu úr listanum í afdrifakönnunni, (sp. 35) *Telur þú að félagsleg einangrun þín hafi aukist eða minnkað við þátttöku þína í starfsendurhæfingunni?*

Til að kanna áhrif starfsendurhæfingar á **fátækt** var notast við alls fjórar spurningar úr afdrifakönnuninni; (sp. 34) *Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fjárhagsafkomu þína?* (Sp. 31) *Breyttust tekjur þínar eftir að þú laukst starfsendurhæfingu?* (Sp. 33) *Telur þú þig vera fátæka(n)?* (Sp. 32) *Hefur þú eða fjölskylda þín notið einhvern aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélags eftir að starfsendurhæfingu lauk?*

Til að skoða mat þátttakenda á **árangri** af starfsendurhæfingunni og möguleg áhrif hennar til lengri tíma voru athuguð svör þátttakenda við eftirfarandi þremur spurningum; (sp. 26) *Hversu miklum eða litlum árangri telur þú að starfsendurhæfingin hafi skilað þér?* (Sp. 27) *Í hverju er árangurinn af starfsendurhæfingunni helst fólgin?* (Sp. 39) *Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með líf þitt almennt?*

4.7 Gagnaöflun með viðtölum

Alls voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga sem valdir voru með tilviljun úr hópi 50 einstaklinga sem upphaflega voru valdir úr heildarhópnum (n=241).

Ráðgjafar SN unnu úrtakið samkvæmt númeruðum (nafnlausum) lista og höfðu síðan símasamband við viðkomandi einstakling og leituðu samþykkis hans til þátttöku. Þegar það lá fyrir höfðu rannsakendur samband við viðkomandi og ákváðu tíma og stað fyrir viðtalið. Við upphaf viðtalsins rituðu einstaklingarnir undir samþykkisyfirlýsingu. Í viðtalinu var stuðst við viðtalsvísi þar sem spurt var um stöðu fyrir og eftir starfsendurhæfingu, sýn á starfsendurhæfinguna og mat þátttakandans á áhrifum hennar í samræmi við rannsóknarspurninguna. Viðtölin voru tekin upp, afrituð og þemagreind.

Rætt var við fjórar konur og þrjá karlmenn á aldrinum 20 til 46 ára. Samkvæmt skráningarblöðum frá SN var tilvísunaraðili allra viðmælenda heimilislæknir. Aðeins einn viðmælenda var á örorku- eða endurhæfingarlífeyri áður en hann hóf starfsendurhæfingu, tveir voru atvinnulausir, tveir sjúkraskrifaðir, einn var í námi og einn heimavinnandi. Einn hafði lokið framhaldsskólanámi en aðrir viðmælendur höfðu lokið grunnskólanámi.

5 Niðurstöður

Hér eru niðurstöður raktar út frá matsaðferðum og úrtakshópum. Fyrst er fjallað um niðurstöður ASEBA mælinga, síðan gögn sem SN tók saman eftir beiðni rannsakenda, þá síma-/afdrifakönnun og loks viðtöl við þátttakendur.

Fyrst er fjallað almennt um stöðu og erfiðleika þátttakenda við upphaf starfsendurhæfingar eins og það horfir við hjá heildarhópnum ($n=241$), þá hópnum þar sem matslistar liggja fyrir í upphafi og lokamælingu ($n=100$) og þær breytingar sem verða við þátttöku í starfsendurhæfingunni. Þá er einnig fjallað um brottfallshópin.

Þessu næst er greint frá ASEBA niðurstöðum út frá hugtökunum þremur, fátækt, félagsleg einangrun og virkni.

5.1 Staða við upphaf og lok starfsendurhæfingar skv. ASEBA sjálfsmatslistum

5.1.1 Þýðið út frá aldri og kyni

Yfirlit yfir stöðu þýðisins ($N=241$) við upphaf starfsendurhæfingar má sjá á töflu 4. Hér er notast við hrágildi og rétt að benda á að samanburður á milli kvarða er ekki mögulegur þar sem mismunandi fjöldi spurninga er á bak við hvern þeirra.

Tafla 4. Staða við upphaf starfsendurhæfingar hjá SN eftir kyni og aldri


Þáttur	Karlar		Konur	
	Yngri hópur	Eldri hópur	Yngri hópur	Eldri hópur
Heildarerfiðleikar	82,0	65,0	78,7	59,1
Líðan	29,1	26,4	31,2	26,9
-Depurð/kvíði	16,7	14,8	18,3	15,3
-Hlédrægni	6,2	5,0	4,9	3,9
-Líkamleg vandamál	6,3	6,5	8,0	7,7
Hegðun	19,8	12,9	17,5	10,1

Í töflunni má sjá að á kvarða heildarvandamála er staða yngri karla slökust / erfiðust við upphaf starfsendurhæfingar. Um leið er staða eldri hóps umtalsvert betri en staða yngri hóps og konur í eldri hóp búa við minnsta erfiðleika. Á kvarða innri þátta / líðan er staða yngri

kvenna erfiðust og um leið mælast þær upplifa depurð og kvíða í meira mæli en aðrir hópar. Hlédrægni er hins vegar meiri meðal karla og staða yngri karla verst að því leyti. Konur meta aftur á móti líkamlegan vanda vera til staðar í ríkari mæli en karlar. Hegðunarvandi er síðan meira áberandi í yngri hóp beggja kynja og þar skora yngri karlar hæst.

5.1.2 Upphafs- og lokamæling

Sé litið sérstaklega til þess hóps sem báðar ASEBA mælingarnar eru til fyrir ($n=100$) sést að meðaltal á T-skori á kvarða heildarerfiðleika fer frá því að vera 61,49 niður í 57,86 (sjá mynd 5). Þessi munur er tölfræðilega marktækur ($t_{(99)}=4,61; p<,001$). Sé stuðst við viðmiðanir ASEBA er ljóst að hópurinn fer frá því að vera innan ramma þess að vera á viðmiðunarmörkum (borderline range) klínískra marka (T 60-63) og færist niður fyrir viðmiðunarmörk við lok starfsendurhæfingar eins og sjá má á mynd 5.




Mynd 5. Heildarerfiðleikar þátttakenda fyrir og eftir starfsendurhæfingu, eftir kyni og aldri

Dreifigreining endurtekinna mælinga leiðir í ljós að ekki er munur á breytingum á milli mælinga hjá annars vegar körlum og konum og hins vegar yngri og eldri aldurshóp. Þannig

mælist sambærileg breyting til lækkunar óháð kyni og aldri. Hins vegar kemur í ljós að staða karla er marktækt erfiðari en staða kvenna bæði við upphaf og lok starfsendurhæfingar. Þetta skýrist meðal annars af því að við upphaf endurhæfingar er hlutfall þeirra sem eiga við mikla erfiðleika að etja umtalsvert hærra hjá körlum en konum. Um leið er hlutfall þeirra sem eiga við litla/óverulega erfiðleika að etja umtalsvert hærra meðal kvenna en karla. Séu kynin og aldurshóparnir ($n=100$) teknir saman kemur í ljós að mestir erfiðleikar mælast hjá eldri körlum ($M=68,5_{\text{upphafsmæling}}/64,0_{\text{lokamæling}}$), þá yngri körlum ($M=66,0_{\text{upphafsmæling}}/61,8_{\text{lokamæling}}$), yngri konum ($M=61,4_{\text{upphafsmæling}}/59,2_{\text{lokamæling}}$) og loks eldri konum ($M=58,2_{\text{upphafsmæling}}/53,4_{\text{lokamæling}}$). Yngri karlar mælast að meðaltali yfir klínískum viðmiðunarmörkum fyrir og eftir endurhæfingu, yngri karlar fara frá því að vera yfir mörkum og niður á viðmiðunarmörkin. Yngri konur fara frá því að vera innan viðmiðunarmarka við upphaf endurhæfingar til þess að vera undir þeim mörkum og eldri konur mælast að meðaltali vera undir klínískum viðmiðunarmörkum bæði fyrir og eftir starfsendurhæfingu. Hér er rétt að hafa í huga að karlar eru 19 og konur 81 og karlar í eldri aldurshóp eru aðeins fjórir.


Sé litið nánar til klínískra marka á kvarða heildarerfiðleika ($T=63$) kemur í ljós að í upphafsmælingu er hlutfall þeirra sem eru yfir og undir klínískum mörkum nokkuð jafnt, 49% undir mörkunum og 51% yfir þeim. Í lokamælingu, við útskrift úr starfsendurhæfingu, eru hlutföllin hins vegar þannig að 70% mælast undir klínísku mörkunum og 30% yfir þeim sbr. mynd 6.



Mynd 6. Hlutfall undir- /yfir klínískum mörkum við upphaf og lok starfsendurhæfingar

5.1.3 Líðan og hegðun fyrir og eftir starfsendurhæfingu


Kvarði heildarerfiðleika skiptist eins og áður hefur komið fram í tvo megin þætti, líðan og hegðun. Á mynd 7 má sjá skor þátttakenda við upphaf og lok starfsendurhæfingar (n=100) á líðan (*internalizing*).



Mynd 7. Líðan og klínísk mörk fyrir og eftir starfsendurhæfingu, eftir kyni og aldri

Á myndinni má sjá að meðalskor karla og kvenna annars vegar og yngri og eldri aldurshóps hins vegar er í öllum tilfellum yfir klínískum mörkum ($T=63$) við upphaf starfsendurhæfingar. Meðalskor alls hópsins fer frá því að vera 67,91 í upphafsmælingu og niður í 63,12 ($t_{(99)}=4,55; p<,001$) og teljast því enn vera yfir klínískum mörkum við lok starfsendurhæfingarinnar.

Sé hins vegar litið til kvarða hegðunarerfiðleika sést að heildarhópurinn er að meðaltali undir klínískum viðmiðunarmörkum bæði við upphaf og lok starfsendurhæfingar. Þannig er meðalskor heildarhópsins 58,46 í upphafsmælingu og 55,60 í lokamælingu ($t_{(99)}=4,33; p<,001$). Aðeins karlar teljast vera á svæði innan klínískra viðmiðunarmarka ($T=60-63$) í upphafsmælingu, með meðalskor 62,11.




Mynd 8. Hegðunarerfiðleikar og klínísk mörk fyrir og eftir starfsendurhæfingu

Af þessu má sjá að erfiðleikar tengdir líðan eru meira einkennandi fyrir hóp þátttakenda í starfsendurhæfingu en erfiðleikar í tengslum við hegðun. Um leið sést að karlar eiga við meiri vanda að etja á báðum þáttum.

5.1.4 Hegðunarerfiðleikar og brottfall

Samanburður á meðaltali á hegðunarerfiðleika í upphafsmælingu, meðal þeirra sem klára annars vegar og hins vegar þeirra sem hættu í starfsendurhæfingunni, sýnir að þeir sem luku henni skora að meðaltali 57,39 á meðan meðaltal brottfallshópsins á sama kvarða er 61,16 ($t_{(239)}=2,57; p=,011$). Brottfallshópurinn mælist þannig innan viðmiðunarmarka hegðunarerfiðleika, á meðan hópurinn sem lýkur endurhæfingu er undir þeim.



Mynd 9. Samanburður á kynjaskiptingu þeirra sem hafa klárað eða eru enn í endurhæfingu (n=197) og þeirra sem hættu í starfsendurhæfingu (n=44)


Á mynd 9 má sjá að kynjahlutfallið í brottfallshópnum er frábrugðið kynjahlutfallinu í hópnum þeirra sem eftir standa ($\chi^2_{(1)}=7,47; p=,007$). Þannig eru karlar 46% brottfallshópsins á meðan karlar eru 25% þess hóps sem eftir stendur. Vandí brottfallshópsins er meiri en vandi þess hóps sem heldur áfram og klárar starfsendurhæfingu og munurinn liggur helst í hegðunarerfiðleikum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að í hvorugum hópnum kemur fram munur á kynjunum hvað varðar neyslu vímuefna. Athugun rannsakanda bendir ekki til meiri neyslu vímuefna en almennt gerist, nema hvaða varðar reykingar.

5.1.5 Fjármál og fjárhagsleg staða

Í ASEBA sjálfsmatslistanum eru tvær fullyrðingar sem varða fjármál einstaklingsins (spurningar númer 114 og 117). Fyrri fullyrðingin er um fjárskuldbindingar; *Ég borga ekki skuldir mínar eða stend ekki við fjárskuldbindingar mínar*. Hlutfall þeirra sem segja þessa fullyrðingu eiga mjög vel við eða vera oft rétta (2) er 7% í upphafsmælingu og 3% í lokamælingu. Að sama skapi hækkar hlutfall þeirra sem segja fullyrðinguna ranga, þ.e. ekki

eiga við sig (0), sem breytist frá því að vera 76% í upphafsmælingu í að vera 84% í lokamælingu. Þessi munur nær því þó ekki að teljast tölfræðilega marktækur.


Síðari fullyrðingin er *Ég á í erfiðleikum með að stjórna peningamálum eða notkun á kreditkortu*. Niðurstöðu má sjá á mynd 10.



Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing svara við spurningu um „erfiðleika með stjórn peningamála“

Umtalsverð breyting verður á niðurstöðu þessarar mælingar við lok starfsendurhæfingar, frá því sem var við upphaf hennar ($\chi^2_{(2)}=10,32; p=,006$). Þannig segja 25% þátttakenda fullyrðinguna eiga mjög vel við sig eða vera oft rétt við upphaf starfsendurhæfingar. Við útskrift er sambærilegt hlutfall 10% og um leið hefur hlutfall þeirra sem segja fullyrðinguna ekki eiga við sig, hækkað um 19 prósentustig.

Í lokin á ASEBA matslistanum er fullyrðingin *Ég er hamingjusöm(samur)*. Svarmöguleikar eru áfram þeir sömu og í fyrri fullyrðingum. Niðurstöður beggja mælinga má sjá á mynd 11.



Mynd 11. Hlutfallsleg dreifing svara við fullyrðingunni „ég er hamingjusöm (samur)“

Sá munur sem þarna kemur fram er ekki tölfræðilega marktækur. Hins vegar má greina ákveðna stefnu á milli mælinga. Þannig fækkar í hópi þeirra sem segja fullyrðinguna ekki eiga við um 3 prósentustig og sömuleiðis fækkar í hópi þeirra sem segja hana að einhverju leyti rétta, alls um 8 prósentustig. Hlutfall þeirra sem segja fullyrðinguna eiga mjög vel við hækkar á móti um 11 prósentustig.

5.1.6 Félagsleg einangrun

Félagsleg einangrun meðal þátttakenda í starfsendurhæfingu er metin út frá þremur undirþáttum aðlögunar; vinum, maka og fjölskyldu. Félagsleg einangrun er einnig metin út frá hluta þeirra þátta í úrvinnslu ASEBA niðurstaðanna sem mynda safnvarðann líðan. Hér er vísað til þriggja undirkvarða, þ.e. kvarða depurðar/kvíða, kvarða hlédrægni og kvarða líkamlegra erfiðleika.

5.1.6.1 Félagsleg aðlögun


Óveruleg breyting verður á félagslegri aðlögun þátttakenda þegar litið er til samskipta og tengsla í vinasamfélagi, við maka og fjölskyldu. Meðal T-gildi mælast lítið eitt lægri á aðlögunarkvarða við vini og maka en fjölskyldutengslin virðast verða heldur betri og er meðal T-skor þeirra sem hafa klárað endurhæfingu (n=100) 1,07 stigum hærra en heildarhópsins (n=241) við upphaf endurhæfingar (sjá tafla 5). Hins vegar er rétt að taka fram að sé aðeins litið til þeirra sem báðar ASEBA mælingarnar eru til, á viðkomandi þætti, mælast þær ekki marktækar. Þó eru þessar breytingar mismiklar eftir aldri og kyni. Þannig versnuðu tengsl yngri þátttakenda við vini og maka, en bötnuðu við fjölskylduna og gagnvart atvinnu og menntun. Allir þættir bötnuðu hjá eldri aldurshópnum, þó mismikið á einstökum þáttum

Tafla 5. Samanburður á T-skori aðlögunarþáttanna vinum, maka og fjölskyldu

	Upphafsmæling (n=241)	Lokamæling (n=100)
Vinir	48,10	47,37
Maki	41,54	41,46
Fjölskylda	48,00	49,07

5.1.6.2 Einangrun og depurð / kvíði í upphafi og við lok starfsendurhæfingar

Eins og áður hefur komið fram er vandi þátttakenda í starfsendurhæfingu helst bundin innri þáttum þ.e. líðan. Á mynd 12 má sjá að depurð og kvíði hefur þar mest áhrif. Þannig mælist hópurinn (n=100) yfir klínískum mörkum þess kvarða á meðan meðaltalsskor hópsins á hinum kvörðunum tveimur er undir klínískum viðmiðunarmörkum (65-69T).



Mynd 12. Einkennabættir líðan og félagslegar einangrunar í upphafi og í lok endurhæfingar

Við þátttöku í starfsendurhæfingunni verður mest breyting til hins betra hvað varðar kvíða og depurð. Þannig lækkar meðaltalsskorið frá því að vera $T=69,62$ í upphafsmælingu í að vera $T=63,97$ í lokamælingu. Lækkunin á kvarðanum er því alls 5,65 stig ($t_{(99)}=5,23; p<,001$) og nægir til þess að hópurinn telst að meðaltali undir klínískum viðmiðunarmörkum við útskrift. Um leið verður einnig marktæk breyting til hins betra á kvarða hlédrægni, en þar lækkar meðaltal hópsins um 2,92 stig ($t_{(99)}=3,88; p<,001$). Óveruleg breyting verður hins vegar á kvarða líkamlegra vandamála.

Skor á þessum þremur kvörðum voru skoðað með því að athuga hvaða spurningar/fullyrðingar skora hæst á hverjum þessara þriggja kvarða til að fá fram hverjir eru helstu erfiðleikar þátttakenda. Hver spurning tekur gildi 0, 1 og 2 og hér eru borin saman meðaltöl þeirra sem báðar ASEBA mælingarnar eru til fyrir. Niðurstöðuna má sjá á töflu 6.


Tafla 6. Stigahæstu spurningar á þremur undirþáttum líðan við upphafs- og lokamælingu

	Upphafsmæling	Lokamæling
Depurð/kvíði		
-Mig vantar sjálfstraust	1,62	1,34
-Ég hef áhyggjur af framtíð minni	1,43	1,19
-Ég er oft áhyggjufull(ur)	1,37	1,19
Hlédrægni		
-Ég vil frekar vera ein(n)	0,97	0,81
-Ég er dul(ur)	0,88	0,73
-Ég forðast að eiga samskipti við annað fólk	0,77	0,60
Líkamleg vandamál		
-Mér finnst ég óeðlilega þreytt(ur)	1,29	1,11
-Ég á erfitt með svefn	1,03	0,99
-Höfuðverkur	0,74	0,69

Á kvarða depurðar og kvíða eru það *skortur á sjálfstrausti, áhyggjur af framtíðinni* og það að vera *oft áhyggjufull(ur)* sem skora hæst. Mesta breytingin verður á breytunni *mig vantar sjálfstraust* en þar lækkar meðaltalið um 0,28. Sé litið til kvarða hlédrægni kemur sterkast fram löngun til að vera *einn frekar en með öðrum*, það að vera *dulur eða leynd hlutum* og loks að *forðast að eiga samskipti við annað fólk*. Á kvarða líkamlegs vanda kemur sterkast fram að *finnast maður vera óeðlilega þreytt(ur), eiga erfitt með svefn og höfuðverkir*. Mesta breytingin verður á þeirri breytu sem skorar hæst, að finnast maður vera óeðlilega þreytt(ur), en þar lækkar meðalskor um 0,18 á milli mælinga.

5.1.7 Virkni í vinnu og námi

Sé litið til ASEBA mælinganna við upphaf starfsendurhæfingar sögðust 39% heildarhópsins (n=241) hafa haft einhverja atvinnu á síðustu 6 mánuðum fyrir upphafsmælingu og 32% sögðust hafa verið í einhverju námi á sama tímabili (sjá mynd 13). Í lokamælingu (n=100) sögðust 23% hafa stundað einhverja atvinnu á síðustu 6 mánuðum á meðan 92% sögðust hafa verið í námi. Af þessu er ljóst að starfsendurhæfingin sjálf er „námið“ sem tilgreint er í lokamælingu. Skor þátttakenda á kvarða um aðlögunar í námi í lokamælingunni, gefur þannig til kynna mat þeirra á aðlögunarfærni sinni í starfsendurhæfingunni.



Mynd 13. Virkni í vinnu og námi við upphaf og lok starfsendurhæfingar

Meðalskor á kvarða *aðlögunar í námi* meðal þeirra sem höfðu stundað nám á síðustu 6 mánuðum fyrir starfsendurhæfingu var $T=43,61$ (sjá tafla 7). Sambærilegt skor þátttakenda í lokamælingu var hins vegar $T=45,86$ og því ljóst að aðlögun þátttakenda að námi tengdu starfsendurhæfingunni gekk betur en sambærileg aðlögun þeirra sem höfðu verið í námi fyrir starfsendurhæfingu.

Sé litið til meðalskora á kvarða *aðlögunar í atvinnu* var skor þeirra sem höfðu haft einhverja atvinnu á síðustu 6 mánuðum fyrir upphafsmælingu $T=41,38$. Í lokamælingu var sambærilegt skor $T=45,32$ meðal þeirra sem höfðu stundað einhverja atvinnu á síðustu 6 mánuðum (samhliða starfsendurhæfingunni). Sé aðeins litið til þeirra sem báðar ASEBA mælingarnar eru til fyrir er þáttur aðlögunar í atvinnu eini undirkvarði heildaraðlögunar sem tekur marktækum breytingum.

Tafla 7. Meðalskor á kvarða aðlögunar í námi og vinnu við upphaf og lok starfsendurhæfingar

	Upphafsmæling (n=241)	Lokamæling (n=100)
Nám	43,61	45,86
Atvinna	41,38	45,32

5.2 Skráð gögn frá SN við upphaf og lok starfsendurhæfingar


Niðurstöður úr athugun á gögnum frá SN varða 45 einstaklinga og er meðaltími í endurhæfingu um 12 mánuðir. Skipting milli þeirra stofnana sem vísa þátttakendum til SN, er þannig að rúmur helmingur kemur frá heimilislækni, 10% frá félagsþjónustu, 10% frá Vinnumálastofnun og VIRK-starfsendurhæfingarsjóði og í 25% tilfella er merkt við annað. Nánari athugun á þeim sem flokkast undir „annað“ sem tilvísunaraðila, sýndir að þar er í öllum tilfellum um að ræða tilvísun frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, utan eins þar sem tilgreint er Tryggingastofnun Ríkisins.

5.2.1 Virkni í vinnu

Í gögnum frá Starfsendurhæfingu Norðurlands kemur fram að mjög misjafnt var hversu lengi þátttakendur höfðu verið án atvinnu áður en endurhæfing hófst. Sumir áttu enga atvinnusögu en aðrir höfðu verið án vinnu í einn mánuð. Helmingur þátttakenda hafði verið án atvinnu í 8 mánuði eða lengur og 60% höfðu verið án atvinnu 6 mánuði eða lengur og teljast því langtímaatvinnulausir. Ekki kom fram munur á kynjunum eða aldurshópunum hvað þetta varðar.

5.2.2 Virkni í námi

Samkvæmt gögnum frá SN fer ríflega helmingur eða 54% úrtaksins (n=45) í áframhaldandi nám eða þjálfun. Alls fara 20% þeirra í fullt starf og 5% í hlutastarf (sjá mynd 14). Merkt er við Annað hjá 21% hópsins og í flestum tilfellum (15% af úrtaki SN) tilgreint að um sé að ræða virka atvinnuleit og/eða nám. Staðan við útskrift er því þannig að 94% úrtaksins er að fara til vinnu og/eða í nám. Við útskrift eru því alls 40% þátttakenda komin með einhverja vinnu eða eru í virkri atvinnuleit.



Mynd 14. Staða þátttakenda við útskrift skv. skráðum gögnum SN


5.3 Símakönnun

Alls svörðu 53 afdrifakönnun í gegnum síma (svarhlutfall 58,9%). Karlar voru 19% og konur 81% og meðalaldur svarenda 37,3 ár. Um 70% höfðu aðeins lokið grunnskólanámi og af þeim gaf tæpur helmingur þeirra upp að hafa stundað eitthvert nám á framhaldsskólastigi.

5.3.1 Fátækt, fjárhagslega staða og viðhorf

Þátttakendur voru spurðir út í fátækt og fjárhagslega stöðu og viðhorf til lífs síns almennt. Helsta niðurstaðan er að mikil dreifing er á svörum hópsins við spurningu um fjárhagslega stöðu. Að meðaltali er hópurinn þó fyrir neðan miðju (á kvarðanum 1-10) og því almenn fremur ósáttur við fjárhagslega stöðu sína og lítur gjarnan á sig fjárhagslega fátækan. Þannig voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu sig vera fátæka og aðeins gefnir svarmöguleikarnir *já* eða *nei*. Niðurstaðan var að hlutfall þeirra sem telja sig vera fátæka er tæp 36%.


Hins vegar meta þátttakendur líf sitt að jafnaði nokkuð gott og færri en fleiri eru tilbúnir til þess að segja að þeir séu fátækir þegar á heildina er litið. Jafnframt voru þátttakendur beðnir að staðsetja ánægju eða óánægju sína með lífið almennt, á kvarðanum 1 til 10. Flestir staðsetja líf sitt á 8 og meirihluti staðsetur sig á 6 eða hærra. Meðaltalið á kvarðanum var 6,94 eða heldur ánægð en óánægð með líf sitt almennt. Niðurstöðuna má sjá á mynd 15.



Mynd 15. Ánægja með lífið almennt


Sé hópnum skipt eftir því hvort þátttakendur hafi lokið endurhæfingu eða ekki kemur í ljós að hópurinn sem hefur lokið er ánægðari með líf sitt. Þannig er meðaltal þess hóps 7,03 á meðan meðaltal þeirra sem enn eru í endurhæfingu er 6,78. Miðgildið hjá hópnum sem hefur klárað er 7,5 á meðan það er 6,5 hjá þeim sem eru enn að.

Þátttakendur voru beðnir að meta á kvarðanum 1 til 10 hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með fjárhagsafkomu sína. Tíðasta gildið var 5, sem segja má að sé hvorki né. Meðaltalið var nær óánægju en ánægu eða 4,55. Niðurstöðuna má sjá á mynd 16.



Mynd 16. Afstaða til fjárhagsafkomu

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort tekjurnar hafi aukist eða dregist saman við þátttökuna í starfsendurhæfingunni. Sé aðeins litið til þeirra þátttakenda í könnuninni sem lokið hafa endurhæfingu (n=34) segir rúmur helmingur þeirra tekjur sínar vera svipaðar fyrir og eftir. Tæp 30% sögðu tekjurnar hafa minnkað og tæp 15% sögðu tekjurnar hafa aukist eftir að starfsendurhæfingu lauk. Hlutfall þeirra sem höfðu notið einhverrar aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélags frá því endurhæfingu lauk var 26,5% en þegar þau svör eru borin saman við svör við spurningu um tekjuöflun, er ljóst að aðstoð sveitarfélags er önnur þjónusta en fjárhagsleg aðstoð. Breytingar á tekjuöflun fyrir og eftir starfsendurhæfingu má sjá á mynd 17.




Mynd 17. Samanburður á tekjuöflun þátttakenda fyrir, á meðan og eftir þátttöku í SN

Á myndinni má sjá aukningu í fjölda þeirra sem hafa atvinnutekjur (frá vinnuveitanda, aðrar tekur og eigin atvinnurekstur), þiggja endurhæfingar- eða örorkulífeyri og fá greiðslur úr lífeyrissjóði. Um leið fækkar í hópi þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur, þiggja framfærslu frá maka og/eða fjölskyldu, fá dagpeninga úr sjúkrasjóð og fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi. Helsta breytingin verður hins vegar þegar litið er til örorkulífeyris. Alls þáðu 17% örorkulífeyri fyrir starfsendurhæfingu og á meðan henni stóð, en verður 42% í kjölfar endurhæfingarinnar. Jafnframt fjölgar þeim sem þiggja lífeyrissjóðsgreiðslur, úr 12% í 21%. Rétt er að athuga að hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika og mjög misjafnt er hversu langt er síðan þátttakendur luku starfsendurhæfingunni, eða frá u.þ.b. sex mánuðum og allt upp í fjögur ár.

5.3.2 Félagsleg einangrun

Alls sögðust rúm 60% að félagsleg einangrun þeirra hafi minnkað við þátttöku í starfsendurhæfingunni. Um leið segja tæp 36% að hún sé svipuð og áður var og innan við 4%

telja félagslega einangrun sína hafa aukist við þátttökuna í starfsendurhæfingunni. Niðurstöðuna má sjá á mynd 18.



Mynd 18. Mat þátttakenda á breytingum á félagslegri einangrun við þátttöku í starfsendurhæfingunni

5.3.3 Virkni í námi eða þjálfun

Í afdrifa-/símakönnun sögðust 47% þeirra sem hafa klárað endurhæfinguna vera í námi og sé litið til gagna frá S.N má ætla að mikill meirihluti þeirra sem stefnir á nám við útskrift úr starfsendurhæfingu haldi sig við þá ætlan. Í könnuninni sögðust jafnframt 59% hafa haft einhverja atvinnu síðan starfsendurhæfingu lauk, heldur fleiri en mældust hjá SN vera komnir með vinnu eða í virkri atvinnuleit við útskrift. Því virðist sem fleiri skili sér á vinnumarkað en þeir sem stefna þangað við útskrift hjá SN.


5.3.4 Virkni í ólaunaðri vinnu eða sjálfboðaliðavinnu

Í könnuninni sögðust alls 43% hafa stundað einhverja ólaunaða vinnu á síðustu 6 mánuðum. Af þeim sem enn voru í endurhæfingu var hlutfallið 47% og meðal þeirra sem höfðu lokið endurhæfingu var hlutfallið 41%. Þó hlutfallið sé heldur lægra hjá þeim hóp sem hefur lokið

endurhæfingu, mælist sá hópur stunda slíka vinnu lengur í viku hverri en þeir sem enn eru í endurhæfingu (sbr. spurningu 25).

5.3.5 Mat þátttakenda á árangri

Sé litið til viðhorfa þátttakenda sem tóku þátt í síma/afdrifakönnun (n=53) sést að um 90% þeirra telja starfsendurhæfinguna hafa skilað sér frekar eða mjög miklum árangri. Um leið segja 10% starfsendurhæfinguna hafa skilað sér frekar litlum árangri. Í kjölfarið voru þátttakendur beðnir að merkja við einhverja af níu svarmöguleikum sem tiltóku í hverju árangur starfsendurhæfingarinnar væri helst fólgin. Flestir hökuðu við aukið sjálfstraust eða tæp 85% þátttakenda. Tveir einstaklingar eða 3,8% sögðu starfsendurhæfinguna ekki hafa skilað sér neinum af nefndum þáttum og tiltóku ekki annað. Niðurstöðuna má sjá á mynd 19.



Mynd 19. Svör þátttakenda um hvaða árangri starfsendurhæfingin hafi helst skilað þeim

5.4 Viðtöl við þátttakendur

Tekin voru viðtöl við sjö þátttakendur, 3 karla og 4 konur, sem valin voru af handahófi úr gagnaskrá SN. Meðalaldur þeirra var tæplega 31 ár og meðaltími í starfsendurhæfingu 11 mánuðir. Tilgangur viðtala var að leita frekari skýringa á upplifun og viðhorfum notenda SN gagnvart veru sinni og árangri af endurhæfingunni. Niðurstöður viðtala eru hér flokkaðar eftir lýsingu þátttakenda á stöðu sinni fyrir starfsendurhæfinguna og út frá þemunum félagsleg einangrun, virkni og fátækt.

5.4.1 Staða fyrir starfsendurhæfingu

Í viðtölum kom fram að ástæður þess að sækja sér aðstoð hjá SN voru ólíkar. Sumir höfðu leitað sér aðstoðar annars staðar og flestir höfðu jafnframt verið í sambandi við félagsþjónustu sveitarfélagsins. Í sumum tilfellum fréttu viðmælendur af úrræðinu hjá öðrum sem báru því góða sögu og öllum hafði heimilislæknir sent tilvísun. Einn viðmælendanna var að koma í annað skipti í starfsendurhæfingu, en í fyrra skiptið hafði vandinn að hans mati verið líkamlegur en var nú andlegur. Hjá flestum blasti við að SN væri það úrræði sem gæti virkað.

Í viðtölum skilgreindu þátttakendur meginvanda sinn á ólíkan hátt, einn taldi hann þunglyndi, annar félagsfælni og þriðji fíkn. Einn viðmælenda kvaðst eiga við áfengisvandamál að stríða, en þegar hann hóf starfsendurhæfingu hjá SN var hann nýkominn úr áfengismeðferð. Allir viðmælendur nefndu að þeir ættu við þunglyndi að stríða. Að öðru leiti var vandi þeirra margvíslegur og samsettur s.s. atvinnumissir, skilnaður, slys, álag, vefjagigt, brjós-klos, áfengisneysla o.fl.. Þeir sem lýstu því að eiga við einhvers konar líkamleg vandamál að stríða, lýstu einnig andlegri vanlíðan og þunglyndi.

Viðmælendi sem slasaðist í bílslysi þremur árum fyrir endurhæfingu lýsti stöðu sinni við upphafi endurhæfingarinnar þannig:

...Mér leið bara mjög illa þegar ég var að byrja í þessu. Og ég var bara á leiðinni að hætta. Því ég hef áður verið hjá sálfræðingi fyrir einhverjum árum síðan, ... þannig að ég þekki alveg að vera ekki alveg heil sálarlega sko.

Aðrir viðmælendur með stoðkerfisvanda lýstu því einnig hvernig andlegir erfiðleikar væru líka hluti af vanda þeirra:

...og ég var ekki að höndla lífið sko, fannst bara allt hræðilegt, ég hélt ég myndi aldrei komast upp úr þessu sko

...eins og ég segi, maður hafði engan tilgang til að vakna, ég bara nennti því ekkert að vera að fara á fætur

...Já þetta kemur allt inn á hvert annað sko. Þegar ég er þunglynd eða eitthvað þá er mér bara illt alls staðar

Tveir yngri karlmennirnir í hópi viðmælenda lýstu báðir miklu þunglyndi í kjölfar atvinnumissis, hvernig þeir misstu fótanna og sáu ekki leið út úr vandanum. Tveir viðmælenda lýstu jafnframt erfiðleikum með athygli og einbeitingu. Einn þeirra sagðist vera greindur með Tourette og því fylgdi hvatvísi og ofvirkni. Hinn sagðist m.a. alltaf æða á undan sjálfum sér í verkefni og „fara í djúpu laugina“ án þess að hugsa fyrst.

Einn viðmælenda lýsti geðvonsku sinni og reiði sem hafði haft áhrif á samband hans við fjölskylduna. Hann hafi verið erfiður í umgengni og skapillska hans hafi einnig haft áhrif á sambandið við vini.

Viðmælendur lýsa stöðu sinni og vanda á sviði innri þátta s.s. geðrænum og sálfélagslegum og líkamlegum, eins og sýnt er í töflu 8 sem byggir á lýsingum þátttakenda. Enginn viðmælendanna lýsti eða vildi staðfesta reglubrot sem hluta af erfiðleikum sínum eða hegðun við upphaf starfsendurhæfingar.

Tafla 8. Erfiðleikar þátttakenda í upphafi starfsendurhæfingar, flokkað eftir mati þeirra

	Þunglyndi /kvíði	Hlé- drægni	Áfengis- vandi	Athygli vandi	Reiði /ýgi	Reglu- brot
Viðmælandi 1	x	x				
Viðmælandi 2	x					
Viðmælandi 3	x	x				
Viðmælandi 4	x			x		
Viðmælandi 5	x	x			x	
Viðmælandi 6	x		x	x		
Viðmælandi 7	x	x				

5.4.2 Áhrif á fátækt

Í viðtölum kom skýrt fram að fjárhagsstaða viðmælendanna væri ekki breytt eftir starfsendurhæfinguna. Þeir segjast samt bjartsýnni og sjá fram á betri stöðu. Aðeins tveir viðmælendur töldu sig ekki þurfa að hafa fjárhagsáhyggjur, hvorki fyrir né eftir starfsendurhæfingu. Samt kváðust þeir báðir hafa fengið fjármálaráðgjöf sem hluta af námi í starfsendurhæfingunni. Almennt tjáðu viðmælendur sig lítið um fjárhagsstöðu sína, en fram kom hjá fimm þeirra að þeir ættu erfitt með að láta enda ná saman.

Þrír viðmælendanna eru einstæðar mæður og þær nefndu að útborgun barnabóta á þriggja mánaða fresti, auðveldaði þeim að láta enda ná saman. Einn viðmælenda sagðist ekki hafa neinar tekjur, en var samt bjartsýnn. Annar viðmælendi hafði glímt við þunglyndi eftir atvinnumissi og talaði hann um mikilvægi þess að vita fyrirfram af útborgun um næstu mánaðarmót. Þeir viðmælendur sem huguðu að námi, nefndu ýmist að þeir mundu sækja um námslán eða vinna með skólanum. Fjárhagslegt öryggi virtist því ekki einráður þáttur í svörum viðmælenda um viðhorf til stöðu þeirra í lífinu.

Viðmælendur ræddu ekki að eigin frumkvæði bága fjárhagsstöðu sem hluta af vanda sínum. Í svörum við spurningum um fjárhagsstöðuna, kom fram að þeir tengdu úrbót annarra þátta s.s. líðan, nám og sjálfstyrkingu sem álíka mikilvæga því enginn þeirra tilgreindi að bætt fjárhagsstaða væri lausn allra mála. Enginn viðmælenda virtist gera ráð fyrir eða upplifa að starfsendurhæfingin yki tekjur þeirra. Engu að síður gáfu þeir til kynna að eftir starfsendurhæfinguna væru þeir yfirleitt bjartsýnni um fjármál sín.

Einn viðmælendanna sjö var kominn á launaskrá hjá atvinnurekenda, tveir þeirra fá námslán og þrír fá endurhæfingarlífeyri frá TR. Einn viðmælenda sagðist ekki hafa neinar tekjur, enn sem komið er, en áður hafði hann fengið bætur frá TR.

5.4.3 Áhrif á félagslega einangrun

Eins og fram hefur komið eru hugtökin félagsleg einangrun og virkni samofin og endurspeglast það í frásögnum viðmælenda. Þeir sem telja sig hafa verið í virkum samskiptum við vini og fjölskyldu finnast þeir til að mynda ekki hafa verið félagslega einangraðir. Þeir sem voru minna virkir segjast hins vegar hafa verið félagslega einangraðir

og þeir segjast vera minna einangraðir eftir starfsendurhæfinguna, eins og „... ég einangra mig ekki eins og ég gerði“ og „ Mér finnst ég vera meira í samskiptum við aðra“.

Félagsleg einangrun sem beinlínis tengist fátækt kom einnig fram í viðtölunum og lýsir einn viðmælandi því hvernig hann einangraðist frá vinum sínum sökum fjárskorts í kjölfar atvinnumissis þar sem hann gat ekki tekið þátt í sömu athöfnum og vinahópurinn.

Hjá öðrum viðmælanda kom fram að starfsendurhæfingin var eina ástæðan eða tilefni þess að hann fór út úr húsi og hitti annað fólk. Hann taldi sig vera einangraðan vegna þess að hann var ekki í vinnu og samskiptin við fjölskylduna voru „smám saman farin í vitleysu“. Sá viðmælandi sagðist oft ekki treysta sér til að mæta í tímana hjá SN vegna vefjagigtar, en væri nú farinn að „pæla í“ námi og bókum sem hann gerði ekki áður.

Einnig kom fram dæmi um að viðmælendur bæru takmarkað traust til fólks og hefðu ekki upplifað að einhver sýndi þeim sérstakan áhuga fyrr en í starfsendurhæfingunni. Einn sagði til að mynda ráðgjafann vera fyrstu manneskjuna sem hann treysti. Sjálfur hafi hann upplifað sig vera „núll og nix“ og lýsti þeim viðsnúningi sem hafði orðið á lífi hans þegar hann kynntist starfsfólki SN:

...Ég hefði aldrei farið út í neitt af þessu ef að ég hefði ekki haft þetta fólk í kringum mig. Þá væri ég bara núna í sófanum. Örugglega.

Í takt við skort á sjálfstrausti fyrir starfsendurhæfinguna, kom fram að viðmælendur voru í upphafi hræddir við að hefja starfsendurhæfinguna og vera með hópi fólks. Það hafi verið þeim töluverð áskorun að hitta fólk og tjá sig í margmenni og nefndu nokkrir að þeir hefðu verið nærri því að hætta þegar þeir þurftu að „feisa sjálfan sig“ eins og einn orðaði það.

Einnig kom fram að þátttakendum fannst erfitt að ljúka og slíta starfsendurhæfingartímabilinu og takast á við ný verkefni af eigin rammleik. Flestir viðmælenda vildu hafa tímabil starfsendurhæfingarinnar lengra og fjórum fannst þeir ekki vera tilbúnir til þess að fara í nám eða vinnu þegar tímabilinu var lokið. Einn sagðist mundu einangrast aftur og þrír þeirra sögðu þátttökuna sjálfa eiga mestan þátt í bættu sjálfstrausti sem gæti þá aftur dalað þegar tímabilinu lyki, en þeir bentu jafnframt á hvatningu og eftirfylgni af hálfu ráðgjafanna sem lykilatriði.

Enginn viðmælendanna sagðist fyrir starfsendurhæfingu hafa tekið virkan þátt í menningartengdum atburðum eða tilboðum samfélagsins, en að viðhorf þeirra og virkni hafi

breyst verulega. Viðmælendur nefndu sem dæmi að þeir hlustuðu meira á fréttir, hringdu frekar í vini og kunningja, kynnu betur að meta ólík störf sem jafnrétt há og lýstu almennt bjartsýni á lífið og tilveruna.

Í viðtölum lýstu fjórir viðmælenda sér sem einangruðum eða hlédrægum. Tvær konur og tveir yngri karlmenn sögðu að þau skorti frumkvæði og sjálfstraust, færu lítið út úr húsi, ættu erfitt með að tjá sig við annað fólk. Þau sögðust taka lítinn þátt eða vera frekar með í félagslegum samskiptum en að leiða þau áfram. Öll sögðust þau eiga erfitt með að takast á við nýjar og breyttar aðstæður.

5.4.4 Áhrif á virkni

Í viðtölum gáfu viðmælendur mismunandi lýsingu af virkni sinni fyrir starfsendurhæfingu en allir töldu þeir sig virkari eftir starfsendurhæfinguna.

Allir viðmælendur tengdu óvirkni sína við þunglyndi og aðgerðaleysi og þrír sögðust hafa verið almennt óvirkir fyrir endurhæfingu sem m.a. lýsti sér í geðvonsku.

Viðmælendur lýstu breytingu á virkni sinni eftir starfsendurhæfingu. Þeir sögðu virknina fyrir starfsendurhæfinguna hafa einkennst meira af einhvers konar skylduverkum t.d. vegna vinnu, húsnaðis, fjölskylduaðstæðna eða náms. Staða þeirra og aðstæður hafi verið á þá leið að „hafa neyðst“ til að vera virk, mæta eða taka þátt, en samt í raun ekki verið það. Þetta útskýra viðmælendur með því að segja að sjálfstraust þeirra hafi verið mjög lítið og því hafi athafnir þeirra einkennst af því að bregðast við og svara því sem umhverfið ætlaðist til. Aðspurður um þessi atriði og um sjálfstraustið segir einn viðmælendanna:

...En um leið og ég gat ekki falið mig fyrir öllum vinunum, þá fann ég að ég átti við stórkostleg vandamál að stríða.

Sami viðmælandi lýsti breytingum á virkni og frumkvæði á eftirfarandi hátt:

...Ég held það sé bara svipað. Það er allavega mín gríma þegar allt var að hrynja hjá mér. Þá gerði ég bara hluti. ... Þannig að það er svipað bara en nú þarf ég ekki að setja upp grímu til að gera hluti.

Annar viðmælandi hafði svipaða sögu:

...Ég er ekkert viss um að ég hefði neitt tekið skrefið sjálf eða bara yfir höfuð sko, þannig að þetta var svo gott.

Viðmælandi sem fannst hann hafa verið óvirkur fyrir endurhæfinguna sagði:

...Já mér fannst eins og ég hafi haldið að ég væri eitthvað óþroskuð og algjör „lúser“ sem gekk ekki neitt sko. Og maður bara þarf sko hjálp, ef þú ert orðin þrítug og ert með alls kyns ofvirkni og manst ekki eftir neinu, þá er þetta búið að draga þig svo mikið niður...

Um vandann í heild sinni segir sami viðmælandi:

...Og svo líka það kemur alveg frá æsku þá hérna uppeldið mitt var þannig sko að hérna það var bara afskipt.

Aðspurður sagði þessi viðmælandi starfsendurhæfinguna „hafa látið sér líða betur“. Endurhæfingaráætlunin hafi hjálpað sér „í fyrsta skiptið að læra að læra“ og einbeita sér í námi. Viðmælandinn á hins vegar við skilgreinda röskun að stríða og lýsir því hvernig ofvirknin hefur ekki breyst, því hann var „óvirkur ofvirkur, það er allt á fullu en gerist ekki neitt“. Hann hafði t.d. ekki frumkvæði að neinum samskiptum og í ofanálag að samskiptamynstrið í fjölskyldunni væri þannig að ekki sé mikil hefð fyrir samskiptum. Honum fannst starfsendurhæfingaráætlunin í heildina hafa bjargað sér á þann hátt að hún „lagaði sig“ og fór að gera og framkvæma sjálfur.

Annar viðmælandi hefur svipaða sögu að segja, þ.e. lýsir litlu sjálfstrausti í upphafi, sem hafi lagast vegna áhrifa frá starfsendurhæfingunni með aukinni virkni:

...Það kom allt aftur, nema náttúrulega líkamlega, en bara allt annað það hjálpar til. Þannig að maður fór kannski að drulla sér til að gera eitthvað, kannski að fara í bíó með þeim, kíkja eitthvað út.

Hjá þessum og fleiri viðmælendum komu fram vísbendingar um að starfsendurhæfingin hafi haft óveruleg eða engin áhrif á líkamlegan vanda/kvilla sem þeir áttu við að stríða s.s. bakverki eða brjóska og bentu á að það tengdist langvarandi kvillum þó þau hafi sótt líkamlega endurhæfingu í starfsendurhæfingunni.

Í heildina lýsa viðmælendur að virkni þeirra hafi aukist við þátttökuna í SN og tilgreina það gerast sérstaklega þegar sjálfstraust eykst og frumkvæði einnig. Viðmælendur sögðust

allir hafa fengið hvatningu frá einhverjum í nánasta umhverfi og sumir lýstu því líka hvernig starfsfólk SN hvatti það áfram, m.a. með því að fylgja þeim eftir og sýna þeim áhuga eða eins og einn sagði að „einhver væri að pæla í manni“.

6 Umræða

Niðurstöður ólíkra mælinga í þessari rannsókn sýna að starfsendurhæfing þátttakenda hjá SN hefur jákvæð áhrif á heilsufar, eykur virkni í námi og vinnu, rýfur félagslega einangrun og dregur úr upplifun á afstæðri fátækt í meirihluta tilvika.

Vandi þátttakenda þegar þeir hefja starfsendurhæfingu er margþættur. Dæmi eru um aðra og þriðju kynslóð örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega meðal þátttakenda og í viðtölum við þátttakendur lýsa þeir félagslegum erfiðleikum í upprunafjölskyldu. Meðal helstu einkenna á vanda þátttakenda við upphaf starfsendurhæfingar eru skortur á sjálfstrausti, margvíslegar áhyggjur og samskiptavandi sem kemur fram í félagslegri einangrun. Yngri hópur þátttakenda býr við meiri erfiðleika og í þeim hópi er hegðunarvandi jafnframt meiri en í eldri hópi.

Mikill meirihluti þátttakenda í rannsókninni sem lokið hafa starfsendurhæfingu telur hana hafa skilað sér frekar eða mjög miklum árangri. Talsvert hærra hlutfall þátttakenda SN en öryrkja almennt telja starfsendurhæfingu hafa skilað sér slíkum árangri eða 90% í stað 58% öryrkja (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Þátttakendur sjálfir meta stöðu sína betri í lok starfsendurhæfingar en öryrkjar almennt og bendir það einnig til jákvæðra áhrifa SN. Þegar skoðað er nánar í hverju árangur SN er helst fólgin kemur í ljós að flestir nefna aukið sjálfstraust og ljóst að þátttakendur leggja mikla áherslu á þann ávinning af starfsendurhæfingunni.

Hlutverk SN er ekki að hafa bein áhrif til aukningar á tekjum (fjárhagsleg fátækt), enda ekki markmið hennar, þó svo aukin virkni og þátttaka leiði síðar meir til frekari tekjuöflunar þátttakenda frá því sem áður var. Samkvæmt rannsókninni sjá þátttakendur fram á bættu fjárhagsstöðu með tímanum og eru bjartsýnni á framtíðina. Þannig mælist afstæð fátækt minni, þátttakendur meta líf sitt að jafnaði nokkuð gott og eru ekki tilbúnir til þess að segja að þeir séu fátækir þegar á heildina er litið. Hópurinn sem hefur klárað SN er ánægðari með líf sitt en hinir sem ekki hafa lokið. Þannig er meðaltal þess hóps 7,03 á meðan meðaltal þeirra sem enn eru í starfsendurhæfingu er 6,78. Lífsánægja eykst því samhliða starfsendurhæfingunni. Athyglisvert er í þessu sambandi að niðurstaða úr sömu spurningu var 6,2 í rannsókn á líf skjörum og högum öryrkja og um 8 meðal 16 – 66 ára Íslendinga

(Guðrún Hannesdóttir, 2010). Einstaklingar sem lokið hafa starfsendurhæfingu SN meta lífshamingju sína því um miðja vegu á milli hóps öryrkja og Íslendinga almennt.

Félagsleg einangrun er gjarnan fylgifiskur fjárhagslegrar fátæktar og getur fátækt ein og sér leitt til einangrunar. Í símakönnuninni sögðu rúm 60% að félagsleg einangrun þeirra hafi minnkað við þátttöku í starfsendurhæfingunni. Þannig hafi dregið úr einangrun og samskipti aukist, ekki aðeins í beinum tengslum við starfsendurhæfinguna heldur jafnframt við fjölskylduna. Endurhæfingin rýfur því að vissu marki þetta ferli einangrunar og virðist draga úr upplifun einstaklinga á afstæðri fátækt þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu. Þá hefur starfsendurhæfingin jafnframt dregið úr álagi, reiði og andfélagslegri hegðun, sem sömuleiðis hefur jákvæð áhrif á virkni og dregur úr félagslegri einangrun (Þóra Ingimundardóttir, 2010).

Sýnt hefur verið fram á að styrking sjálfsmýndar, aukið sjálfstraust og sjálfsbjargarhæfni eykur virkni (Lundberg o.fl., 2008). Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna aukna virkni bæði í vinnu og námi og bætta félagslega aðlögun þátttakenda. Einhverja atvinnu höfðu 39% þátttakenda SN stundað síðustu 6 mánuði fyrir starfsendurhæfingu. Hlutfallið lækkaði á því tímabili sem endurhæfingin stóð yfir í samræmi við eðli starfseminnar. Samkvæmt símakönnun höfðu aftur á móti tæp 60% verið í einhverri atvinnu þegar sex mánuðir eða lengri tími var liðinn frá lokum starfsendurhæfingarinnar. Virkni í vinnu virðist því vera mun meiri í hópi þátttakenda í starfsendurhæfingu en gerist meðal öryrkja almennt, þar sem hún er 27-31% samkvæmt rannsókninni *Lífskjör og hagir öryrkja* (Guðrún Hannesdóttir, 2010). Samhliða þessari auknu virkni gengur þátttakendum SN betur að aðlagast sig á vinnustað við og í kjölfar starfsendurhæfingar. Við lok endurhæfingar var skor á kvarða aðlögunar í vinnu meðal þeirra sem höfðu stundað einhverja atvinnu samhliða starfsendurhæfingunni talsvert hærra en meðal þeirra sem höfðu haft atvinnu á síðustu 6 mánuðum fyrir endurhæfingu. Þetta lýsir sér einnig í ólaunaðri vinnu sem þátttakendur stunda samhliða starfsendurhæfingunni og sem svo eykst einnig að henni lokinni.

Mun hærra hlutfall þátttakenda SN en öryrkja almennt hefur aðeins grunnmenntun, eða 79% hjá SN á móti 64% meðal öryrkja. Þetta sýnir að notendahópur SN sé almennt verr staddur menntunarlega en bæði öryrkjar og almenningur á Íslandi. Námsleg virkni þátttakenda jókst samhliða og í kjölfar endurhæfingarinnar og margir höfðu fyrirætlanir um

frekara nám. Aðlögun þátttakenda að námi tengdu starfsendurhæfingunni gekk betur en sambærileg aðlögun þeirra sem höfðu verið í námi fyrir endurhæfingu. Þó er ekki ljóst hvort þetta stafar af því að betur hafi tekist til með aðlögun námsins að þörfum þátttakenda eða hvort þátttakan í náminu hafi aukið aðlögunarfærni þeirra. Margir þátttakenda eiga að baki erfiða/brotna skólagöngu en niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að aðlögun þeirra í framtíðarnámi muni veitast þeim auðveldari en áður.

Mikilvægur þáttur í markmiðum og árangri SN er að notendur taka allir þátt í undirbúningi og ákvörðun um að sækja starfsendurhæfinguna. Þeir hafa líka tekið þátt í gerð endurhæfingaráætlunar sinnar og þeir lýsa góðri samvinnu við ráðgjafana. Samvinnan bendir til að væntingar og vitneskja þátttakenda um ferlið í heild sé meðvirkandi þáttur í áhrifum starfsendurhæfingar SN (sbr. V. Helga Valgeirsdóttir, 2010). Í þessu sambandi vakna líka spurningar um mikilvægi tengslamyndunar, fyrirmýnda og heildrænnar þjónustu í nærsamfélaginu, þegar unnið er með viðkvæma einstaklinga og hópa.

Vart var óvissu og kvíða þátttakenda í tengslum við lok starfsendurhæfingartímabilsins og er það tengt væntanlegu rofi á tengslum við endurhæfinguna, ráðgjafa hennar og félagahópinn. Einnig kann hér að vera á ferð óvissa sem tengist brottfalli tekna (endurhæfingarlífeyris) og aukin eigin ábyrgð á tekjuöflun sem virki ógnvekjandi. Þessi ótti er þekktur af starfsmönnum SN og hefur einnig komið fram í öðrum rannsóknum (V. Helgu Valgeirsdóttur, 2010). Þetta gefur tilefni til að velta upp spurningum um tímalengd starfsendurhæfingarinnar og mikilvægi eftirfylgdarinnar. Ljóst er að notendahópurinn er í veikri stöðu í upphafi og býr við verulegan vanda sem skerðir innri og ytri styrkleika, sem svo eflast í starfsendurhæfingunni. Óvíst er hvort sá tími sem starfsendurhæfingin varir, tryggi í öllum tilvikum varanleika á breytingunni.

Í þessari rannsókn var ekki gerð athugun á efnahags-/samfélagslegum ávinningi af SN. Erlendar rannsóknir og rökstuðningur fyrir tillögum um áherslu á starfsendurhæfingu hér á landi benda allar til samfélagslegs ávinnings, hvort sem reiknað er út frá kostnaðarhlið eða ábata (Waddell, Burton og Kendall, 2008; Heilbrigðisráðuneytið, 2005).

Núverandi atvinnuleysi og aukið langtímaatvinnuleysi vekur spurningar um hvort samsetning skjólstæðingahóps SN og annarra starfsendurhæfinga á landinu muni breytast í náninni framtíð. Líkindi eru til að langtímaatvinnulausum körlum muni fjölga og þá þarf

starfsendurhæfingin að takast á við meiri hegðunarerfiðleika einstaklinganna en verið hefur í þátttakendahópnum til þessa. Þá mun sérstaklega þurfa að huga að brottfalli úr starfsendurhæfingu og leiðum til að sporna gegn því. Starfsendurhæfing kann að vera það úrræði sem getur unnið gegn nýrri bylgju „nýskráningar örorku“ í kjölfar langtímaatvinnuleysis, þar sem virkni í námi og vinnu eykst þó svo tímabundin aukning sé í fjölda þeirra sem hafa tekjur sínar í endurhæfingar-/örorkulífeyri. Því má velta upp hvort aukning starfsendurhæfingarúrræða á síðasta áratug, hafi nú þegar náð að verða einskonar „öldubrjótur“ í nýskráningu örorku. Vísbendingar í þessa átt úr þessari rannsókn eru lágur meðalaldur þátttakenda SN, slök menntunarleg staða en þó atvinnutengd virkni sem virðist meiri en örorkulífeyrisþega almennt. Áhrif SN á aukna náms- og atvinnutengda virkni kann að fresta og jafnvel stöðva mögulega vegferð einstaklinga inn í varanlega örorku.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru samhljóma óháð úrtakshópum og úrtakshóparnir endurspegla þýðið, þátttakendur SN. Það gefur grunn til að ætla að niðurstöðurnar geti átt við um þátttakendur í starfsendurhæfingum sem byggja á sama grunni og SN. Þessi rannsókn svarar hins vegar ekki hvað það er af starfsemi SN, einstök námskeið eða hópa- eða einstaklingsstarf, sem skilar meiri eða minni árangri. Eins ber að hafa þann fyrirvara varðandi niðurstöður rannsóknarinnar að hvorki þýðið né einstakir úrtakshópar eru fjölmennir.

Það vekur athygli að SN, sem hefur í boði almennt tilboð um einstaklingsmiðaða endurhæfingu, skuli ná svo almennum árangri þátttakenda með ólíka erfiðleika og þarfir. Hér er þó rétt að benda á að vandi þátttakenda og kynjahlutfall í þeim hópi sem fellur brott úr starfsendurhæfingunni er frábrugðinn því sem er meðal þeirra sem klára. Einkennandi fyrir brottfallshópin er að hlutfall karla er umtalsvert hærra og hegðunarerfiðleikar mælast meiri en meðal þeirra kvenna og karla sem klára. Þessar niðurstöður vekja upp ákveðnar spurningar um endurhæfinguna sjálfa, eðli hennar og starfsemi, t.d. hvernig starfsendurhæfingin tekst á við hegðunarvanda og skerta aðlögunarfærni einstaklinga. Þetta kann þó einnig að tengjast því hversu viðeigandi tilvísun einstaklinga með hegðunarvanda er til starfsendurhæfingar eða hvort önnur úrræði ættu betur við. Einnig vakna spurningar um þátt tengslamyndunar, hlutverks ráðgjafa og fyrirmýnda í árangri SN. Hér er tilefni til frekari rannsókna á áhrifum einstakra þátta innan starfsendurhæfingar sem og langtímaáhrifum.

7 Heimildir

- Achenbach, T.M. og Rescorla, L.A. (2003). *Manual for the ASEBA Adult Forms & Profiles*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth & Families.
- Alþýðusamband Íslands. (8.des. 2009). *Starfsendurhæfingarsjóður - starfsendurhæfing á vinnumarkaði*. Sótt 14. febrúar 2011 af http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/209_view-55/tabid-2/19_read-2135/.
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. (2009, mars). *Þingeyrskt verkefni verðlaunað í Brussel*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://atthing.is/forsida/nr/669>.
- Creswell, J.W. og Plano Clark, V.L. (2007). *Designing and Conducting Mixed methods Research*. London: Sage.
- Dennis, I. og Guio, A.C. (2003). *Statistics in focus: Population and social conditions*. Luxembourg: Evrópusambandið.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2006). Skipulagsskrá Starfsendurhæfingar Norðurlands. *Stjórnartíðindi B-deild nr. 973/2006*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=bb1c386e-26d2-4d0e-b4b9-3badbe02330b>
- Fjármálaráðuneytið. (2010). *Fjárlagafrumvarp 2010 Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir*. Sótt 23. ágúst 2010 af <http://hamar.stjr.is/>
- Forsætisráðuneytið. (2006). *Útvistunarstefna ríkisins. Ríkið sem upplýstur kaupandi þjónustu. Samþykkt af ríkisstjórn Íslands. 6. júní 2006*. Rit 2006-1. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Forsætisráðuneytið. (2007). *Skýrsla nefndar um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 3. júlí 2010 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Alitogtillogur.pdf>
- Guðný Björk Eydal. (2009). Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga Norðurlanda á krepputímum: Hjálp til starfshjálpar? Í Halldór Sigurður Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 52–65). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal. (2010, mars). *Fátækt á Íslandi og í Evrópulöndum*. Fyrirlestur á vegum Þjóðmálastofnunar. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.thjodmalastofnun.hi.is/Gu%C3%B0n%C3%BD%20Bj%C3%B6rk%20Eydal%20-%20F%C3%A1t%C3%A6kt%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi%20og%20%C3%AD%20Evr%C3%B3pul%C3%A1st%C3%B3fnun.pdf>.
- Guðrún Hannesdóttir, Sigurður Thorlacius og Stefán Ólafsson. (2010). *Örorka og virk velferðarstefna á Íslandi. Könnun á aðstæðum, viðhorfum og samfélagsþátttöku örorkulífeyrisþega 2008–2009. Skýrsla fyrir Landssamtök lífeyrissjóða og Örorkumatsnefnd forsætisráðuneytisins*. Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík. Aðgengileg á http://www.thjodmalastofnun.hi.is/Net_ororka_og_virk_velferdarstefna_med_toeflum.pdf.
- Guðrún Hannesdóttir. (2009). *Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkni og þátttöku í samfélaginu*. Óbirt MA – ritgerð. Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild. Aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/2984>.
- Guðrún Hannesdóttir. (2010). *Lífskjör og hagir öryrkja: Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega*. Sótt 12. febrúar 2011 af http://landinn.is/ts_hi_is/ts/skrar/OLifskjör%20og%20hagir%20öryrkja_2010_net_utg.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Lágtekjumörk og tekjudreifing 2004 – 2009*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.statice.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10816>.
- Halldór Sig. Guðmundsson. (2006). Skimun og stöðluð matstæki. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sigurður Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 242–256). Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Halldór Sig. Guðmundsson. (2008). Aftur til vinnu. Þróun úrræða fyrir langtímaatvinnulausa. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 369–380). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Harpa Njáls. (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar – Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur.
- Heilbrigðisráðuneytið. (2005). *Lokaskýrsla starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi*. Reykjavík: Heilbrigðisráðuneytið. Sótt 12. febrúar 2011 af http://www.ll.is/files/bbecdchfd/Skyrsla_um_starfsendurhafingu.pdf.
- Lena Hrönn Marteinsdóttir. (2010). *Fjárhagsaðstoð, virkni og velferð*. Óbirt MA – ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/7161>.
- Levitas, R., Pantanzis, C., Patsios, D. og Townsend, P. (2000). Social exclusion in Britain. Í H. Anderson (ritstjóri), *Poverty and social exclusion in Britain* (bls. 54–67). York: Joseph Rowntree Foundation.
- Lödemel, I. (2009, desember). *Activation Policies in Europe*. Fyrirlestur á vegum RBF, 2. desember 2009. Reykjavík: RBF.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.*
- Lundberg, B., Hansson, L., Wentz, E. og Björkman, T. (2008). Stigma, discrimination, empowerment and social networks: A preliminary investigation of their influence on subjective quality of life in a Swedish sample. *International Journal of Social Psychiatry*, 54 (1), 47–55.
- Ofak, L., Starc, N. og Sabic, S.S. (2006). *Poverty, Unemployment and Social Exclusion* (Davies d.o.o. og Snjezana Kordic þýddu). Zagreb: Denona d.o.o.
- Pierson, P. (2001). *The New Politics of the Welfare State*. Oxford: OUP.
- Starfsendurhæfing Norðurlands. (2010). *Ársskýrsla: Starfsárið júlí 2009 – júní 2010*. Akureyri: Starfsendurhæfing Norðurlands.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Tryggingastofnun. (2010). *Helsta orsök örorku eftir sjúkdómaflokkum*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.tr.is/media/skjol-a-pdf/Helsta-orsok-ororku-eftir-sjukdomaflokkum.pdf>.
- V. Helga Valgeirsdóttir. (2010). *Væntingar þátttakenda í starfsendurhæfingu*. Óbirt MA–ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/7122>.
- Velferðarráðuneytið. (2011). *Nefnd um starfsendurhæfingu*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.heilbrigdisraduneyti.is/raduneyti/nefndir-og-rad/nr/745> og 14. febrúar 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/5008>.
- Velferðarráðuneytið. (2011). *Nefnd um starfsendurhæfingu*. Sótt 20. ágúst 2010 af <http://www.heilbrigdisraduneyti.is/raduneyti/nefndir-og-rad/nr/745> og 14.2.2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/raduneyti/nefndir-rad-stjornir/nr/5008>.
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (2010). *Starfsendurhæfingarsjóður – Starfsendurhæfing á vinnumarkaði*. Sótt 22. ágúst 2010 af http://www.virk.is/news/starfsendurhaefingarsjodur_-_starfsendurhaefing_a_vinnumarkadi.
- Waddell, G., Burton, A.K. og Kendall, N.A.S. (2008). *Vocational rehabilitation, what works, for whom, and when?* London: Department for work and pension; health, work and well-being. Sótt 14. febrúar 2011 af <http://www.dwp.gov.uk/health-work-and-well-being/resources/>.
- Þóra Ingimundardóttir. (2010). *Félagsleg einangrun og lífsgæði*. Starfsendurhæfing Norðurlands. Óbirt MA–ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/7126>.

8 Fylgiskjöl

8.1 Spurningar ASR lista flokkaðar eftir safn- og undirþáttum

Einstakir einkennabættir ASR 18-59 ára sjálfsmatslista ASEBA

Vinir

- A. Fjöldi vina
- B. Hve oft samband
- C. Hversu vel lyndir við
- D. Hve oft heimsótt

Maki/hjúskaparstaða

- A. Semur við
- B. Deila ábyrgð
- C. Ánægð(ur) með
- D. Ánægja af sömu hlutum
- E. Ágreiningur
- F. Samskiptaerfiðleikar
- G. Líka við vini maka
- H. Maki fer í taugarnar á

Fjölskylda

- Semur við bræður, systur, móður, föður, eigin börn.

Atvinna

- Já – nei. Níu spurningar um hvernig það gengur ef við á (semur við samstarfsaðila, semur við yfirmenn, sinnir starfi, vandi að ljúka dagsverki, sátt við atvinnustöðu, gerir e-ð sem getur valdið missi starfs, fjarverandi frá vinnu, álagsmikið starf, áhyggjur af vinnu).

Menntun

- Já – nei. Fimm spurningar um skólareynslu (semur við aðra námsmenn, nýti hæfni sína, vandi að ljúka verkefnum, sátt við námslega stöðu, geri hluti sem valdi falli/minni árangri).

Kvíði/depurð

- 12 Mér finnst ég einmana
- 13 Mér finnst ég ráðvillt(ur), eins og í þoku
- 14 Ég græt mikið
- 22 Ég hef áhyggjur af framtíð minni
- 31 Ég óttast að hugsa eða gera eitthvað slæmt
- 33 Mér finnst að engum þyki vænt um mig
- 34 Mér finnst aðrir vera á móti mér
- 35 Mér finnst ég minni virði en aðrir
- 45 Ég er tugaóstyrk(ur) eða spennt(ur)
- 47 Mig vantar sjálfstraust
- 50 Ég er of áhyggjufull(ur) eða óttaslegin(n)
- 52 Mér finnst ég hafa of mikla sektarkennda
- 71 Ég er feimin(n) eða fer auðveldlega hjá mér
- 91 Ég hugsa um að fyrirfara mér
- 103 Ég er óhamingjusöm(samur), leið(ur) eða þunglynd(ur)
- 107 Mér finnst mér ekki takast neitt
- 112 Ég er oft áhyggjufull(ur)

113 Ég hef áhyggjur af samskiptum mínum við hitt kynið

Óframfærni/hlédrægni

25 Mér semur illa við aðra

30 Ég á erfitt með samskipti við hitt kynið

42 Ég vil frekar vera ein(n) en með öðrum

48 Ég er ekki vel liðin(n)

60 Það er fátt sem ég hef ánægju af

65 Ég neita að tala

67 Ég á erfitt með að eignast eða halda vinum

69 Ég er dul(ur) eða leyni hlutum

111 Ég forðast að eiga samskipti við annað fólk

Líkamleg vanlíðan

51 Ég fæ svima

54 Mér finnst ég óeðlilega þreytt(ur)

A) Sársauki og verkir (ekki maga- eða höfuðverkur)

B) Höfuðverkur

C) Ógleði og/eða líður illa

D) Vandamál með augu (sem gleraugu laga ekki), (lýstu)

E) Útbrot eða aðrir húðkvillar

F) Magaverkir

G) Kúgast eða kasta upp

H) Hjartsláttartruflanir eða hjartsláttarhröðun/aukaslög

I) Doði eða tilfinningaleysi í einstökum líkamshlutum

100 Ég á erfitt með svefn (lýstu)

Hugsanaferli

9 Ég get ekki hætt að hugsa ákveðnar hugsanir/þráhyggja (lýstu)

18 Ég geri sjálfri(um) mér mein af ásettu ráði eða hef gert tilraun til þess að fyrirfara mér

36 Ég meiði mig oft, er slysagjörð(gjarn)

40 Ég heyri hljóð eða raddir sem aðrir heyra ekki (lýstu)

46 Ég fæ taugavíprur eða kæki (lýstu)

63 Ég kys frekar að vera með eldra fólk en fólk á mínum aldri

66 Ég endurtek vissar athafnir aftur og aftur, árátta (lýstu)

70 Ég sé hluti sem eru ekki raunverulegir, sem aðrir sjá ekki (lýstu)

84 Ég geri hluti sem öðrum finnst sérkennilegir (lýstu)

85 Ég hugsa ýmislegt sem öðrum finnst sérkennilegt (lýstu)

Einbeitingarvandi

1 Ég er gleymín(n)

8 Ég á erfitt með að einbeita mér eða á erfitt með að halda athyglinni lengi

11 Ég er of háð(ur) öðrum eða er of ósjálfstæð(ur)

17 Mig dreymir dagdrauma, lífi í eigin hugarheimi

53 Ég á erfitt með að skipuleggja framtíðina

59 Mér tekst ekki að ljúka verkum sem ég á að gera

61 Mér gengur illa í starfi

64 Ég á erfitt með að forgangsraða

78 Ég á erfitt með að taka ákvarðanir

101 Ég mæti ekki til vinnu, þó ég sé ekki í leyfi eða veik(ur)

102 Mig skortir orku

105 Öðrum finnst ég óskipulögð(lagður)

108 Mér hættir til þess að týna hlutum

119 Ég næ ekki að aðgreina aukaatriði frá aðalatriðum

121 Ég mæti gjarnan of seint

Reiði-/ýgi hegðun

- 3 Ég er þrætugjörn(gjarn)
- 5 Ég kenni öðrum um vandamál mín
- 16 Ég er illkvittin(n) eða hrekkjótt(ur) við aðra
- 28 Mér semur illa við fjölskyldu mína
- 37 Ég lendi oft í slagsmálum
- 55 Skap mitt getur breyst skyndilega, frá oflæti til þunglyndis
- 57 Ég ræðst á fólk (líkamlega)
- 68 Ég æpi eða öskra mikið
- 81 Hegðun mín er mjög breytileg
- 86 Ég er þrjósk(ur), önugur(ur) eða pirrast auðveldlega
- 87 Skap mitt og líðan getur breyst skyndilega
- 95 Ég er skapbráð(ur)
- 97 Ég ógna, hóta að meiða fólk
- 116 Ég verð auðveldlega æst(ur)
- 118 Ég er of óþolinmóð(ur)

Brjóta boð og bönn/andfélagsleg hegðun

- 6 Ég nota lyf (önnur en áfengi og tóbak) án samráðs við lækni (lýstu)
- 20 Ég skemmi eða eyðilegg eigur mínar
- 23 Ég brýt reglur í vinnu eða annars staðar
- 26 Ég fæ ekki sektarkennd þegar ég hef gert eitthvað sem ég ætti ekki að gera
- 39 Ég er í félagsskap með öðrum sem lenda í vandræðum
- 41 Ég er fljótþær, geri hluti án þess að hugsa
- 43 Ég segi ósatt eða svindla
- 76 Ég hegða mér óábyrgt
- 82 Ég stel
- 90 Ég drekk of mikið áfengi eða verð drukkin(n)
- 92 Ég geri hluti sem geta varðað við lög (lýstu)
- 114 Ég borga ekki skuldir mínar eða stend ekki við fjárskuldbindingar mínar
- 117 Ég á í erfiðleikum með að stjórna peningamálum eða notkun á kreditkort
- 122 Ég á í vanda með að halda vinnu

Ágeng/uppáþrengjandi hegðun

- 7 Ég er montin(n)
- 19 Ég reyni að ná mikilli athygli
- 74 Ég er með fíflalæti eða trúðslæti
- 93 Ég tala of mikið
- 94 Ég er mjög stríðin(n)
- 104 Ég er háværari en annað fólk

2 Önnur vandamál

- 10 Ég á erfitt með að sitja kyrr, sýni óróleika, ofvirkni
- 21 Ég skemmi eða eyðilegg eigur mínar
- 24 Ég borða ekki nóg
- 27 Ég er afbrýðissöm(samur)
- 29 Ég hræðist viss dýr, aðstæður eða staði (lýstu)
- 32 Mér finnst ég þurfi að vera fullkomin(n)
- 38 Ég á erfið samskipti við nágranna
- 44 Ég forðast að taka ábyrgð
- 58 Ég kroppa í húð að aðra líkamshluta (lýstu)
- 62 Ég er klaufaleg(ur) eða illa líkamlega samhæfð(ur)
- 72 Ég hef áhyggjur af fjölskyldu minni
- 75 Ég er of feimin(n) eða fer auðveldlega hjá mér

77 Ég sef meira en flestir aðrir á daginn og/eða nóttunni (lýstu)

79 Ég á við málörðugleika að stríða (lýstu)

83 Mér leiðist auðveldlega

89 Ég flýti mér að gera hluti án þess að hugleiða áhættu

96 Ég hugsa of mikið um kynlíf

99 Mér mislíkar að dvelja lengi á sama stað

110 Ég vildi óska að ég væri af gagnstæðu kyni

115 Ég get ekki setið kyrr eða er sífellt á iði

120 Ég ek of hratt

Vímuefnaneysla

Tóbak

124 Á síðustu 6 mánuðum, hversu oft á dag reikir þú (teldu með nef- og munntóbak)

Áfengi

125 Á síðustu 6 mánuðum, hve marga daga varst þú drukkin(n) / ölvuð(aður)

Lyf

126 Á síðustu 6 mánuðum, hve marga daga notaðir þú lyf án samráðs við lækni (teljið með marjúana, kokaín og önnur eiturlyf, önnur en áfengi og tóbak)

8.2 Kynningarbréf um símakönnun

„Áhrif starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda í starfsendurhæfingu“.

Kynningarbréf um símakönnun

Ágæti viðtakandi,

Óskað er eftir þátttöku þinni í rannsókn varðandi ofangreint verkefni. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar (nr: S4882/2010)

Tilgangur

Verkefnið er að gera úttekt á áhrifum starfsendurhæfingar á fátækt, félagslega einangrun og virkni þátttakenda hjá Starfsendurhæfinu Norðurlands (SN). Verkefnið er styrkt af félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Virk-starfsendurhæfingarsjóði og Háskóla Íslands.

Af hverju þú?

Vegna þess að þú hefur sótt um og/eða tekið þátt í starfsendurhæfingu hjá SN.

Hvað felur þátttaka í rannsókninni í sér?

Ef þú samþykkir að taka þátt, verður þú beðin/n um að svara símakönnun um ýmis atriði varðandi aðstæður þínar áður en starfsendurhæfingin hófst, reynslu þína af starfsendurhæfingunni og núverandi stöðu þína eins og fram kemur í meðfylgjandi spurningalista. Símakönnunin verður framkvæmd 19.-24. nóvember 2010 og mun væntanlega taka um 10-12 mínútur að svara henni.

Í framhaldi af þessu bréfi verður hringt til þín og þú beðin að svara spurningunum í síma. Gott væri ef þú hefðir meðfylgjandi spurningablað til hliðsjónar þegar hringt verður til þín, þar sem það auðveldar þér og flýttir fyrir framkvæmd.

Er einhver ávinningur eða áhætta af þátttöku?

Það er engin greiðsla, ávinningur eða áhætta af þátttöku. Þeir sem taka þátt verða óbeint fyrir áhrifum af þeim spurningum sem þeir verða beðnir að svara, en ætla má að það muni aðeins verða til umhugsunar. Niðurstöður af rannsókninni kunna hins vegar að auka skilning á áhrifaþáttum og árangri starfsendurhæfingar og geta orðið til framfara eða endurmats og þar með til hagsbóta fyrir aðra sem eiga eftir að nýta sér úrræði starfsendurhæfingar hér á landi. Niðurstöðurnar munu einnig nýtast Starfsendurhæfingu Norðurlands.

Hver hefur aðgengi að gögnum rannsóknarinnar?

Gögn sem rannsakendur hafa aðgang að er einungis safnað á grundvelli rannsóknarnúmers og eru ópersónugreinanleg. Auk þess eru rannsakendur allir bundnir þagnarheiti.

Ásamt undirrituðum eru eftirtaldir rannsakendur sem koma að verkefninu; Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, stjórnsýslufræðingur, Kristján Már Magnússon, sálfræðingur, Atli Hafþórsson, þjóðfélagsfræðingur og Guðný Björk Eydal, prófessor við félagsráðgjafardeild HÍ.

Stefnt er að birtingu niðurstaðna úr rannsókninni með birtingu tölfraðilegra upplýsinga.

Ef þú skiptir um skoðun/vilt hætta þátttöku?

Þér er heimilt að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er. Ef þú hefur einhverjar spurningar um rannsóknina eða einstaka þætti hennar ertu beðin/n að hafa samband við starfsfólk Starfsendurhæfingar Norðurlands eða undirritaðan.

Virðingarfyllst,

Halldór Sig. Guðmundsson
Lektor við félagsráðgjafardeild HÍ
Odda v/Sæmundargötu, 101 Reykjavík
vs. 525-5997; gsm. 863-3264
hs. 466-3264; netfang: halldorg@hi.is

8.3 Samþykkisyfirlýsing fyrir símakönnun

Frá Starfsendurhæfingu Norðurlands

Meðfylgjandi er kynning á yfirstandandi rannsókn á áhrifum starfsendurhæfingar.

Einn hluti rannsóknarinnar er símakönnun meðal 90 notenda Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) og því er þetta bréf og fylgigögn send til þín.

Könnunin fer þannig fram að hringt verður í þig og leitað eftir svörum þínum við þeim spurningum sem koma fram á meðfylgjandi spurningalista. Svör þín verða skráð í gegnum síma og þarft þú ekki að senda spurningalistann til baka.

Ef þú vilt ekki eða **samþykkir ekki að taka þátt** eða vilt biðjast undan þátttöku, ertu beðin að hafa síma- eða tölvupóstsamband við starfsfólk SN sem fyrst og eigi síðar en fyrir hádegi föstudaginn 19. nóv. n.k. og þá verður nafn þitt og símanúmer tekið af lista yfir þá sem hringt verður í.

Að öðrum kosti lítum við svo á að þú sért samþykk/ur þátttöku í rannsókninni.

Með bestu kveðju,

f.h. Starfsendurhæfingar Norðurlands

Geirlaug Björnsdóttir

geirlaug@stn.is

Sími 420-1020

8.4 Spurningarlisti í símakönnun

RANNSÓKNARNÚMER: _____

☐ ₁ Karl☐ ₂ Kona

1. Hvað ertu gömul/gamall?

- | | |
|--|---|
| ☐ ₁ 20 ára eða yngri | ☐ ₇ 46 – 50 ára |
| ☐ ₂ 21 – 25 ára | ☐ ₈ 51 – 55 ára |
| ☐ ₃ 26 – 30 ára | ☐ ₉ 56 – 60 ára |
| ☐ ₄ 31 – 35 ára | ☐ ₁₀ 61 – 65 ára |
| ☐ ₅ 36 – 40 ára | ☐ ₁₁ 66 ára eða eldri |
| ☐ ₆ 41 – 45 ára | |

2. Hver er hjúskaparstaða þín?

- ☐ ₁ Gift/kvænt(ur)
- ☐ ₂ Í staðfestri sambúð/ samvist
- ☐ ₃ Í sambúð
- ☐ ₄ Fráskilin(n)
- ☐ ₅ Ekkja/ekkill
- ☐ ₆ Einhleyp(ur)

3. Hefur þú lokið starfsendurhæfingu?

- ☐ ₁ Já, ég hef lokið. Mánuður _____ Ár _____
- ☐ ₂ Já, ég hef lokið. Mánuður _____ Ár _____ og ég er enn í eftirfylgd
- ☐ ₃ Nei, ég er enn í starfsendurhæfingu

4. Hvaða námi hafðir þú lokið áður en þú varst metin(n) til endurhæfingar- eða örorkulífeyris?

- ☐ ₁ Minna en skyldunámi
- ☐ ₂ Grunnskólaprófi /fullnaðarprófi
- ☐ ₃ Landsprófi/gagnfræðiprófi
- ☐ ₄ Hluta náms á framhaldsskólastigi
- ☐ ₅ Starfsnámi
- ☐ ₆ Iðnnámi
- ☐ ₇ Stúdentsprófi
- ☐ ₈ Námi á háskólastigi/eða sambærilegu námi

- ☐₉ Öðru námi
☐₁₀ Á ekki við

5. Hvernig var ákvörðun um að þú færir í starfsendurhæfingu tekin?

- ☐₁ Ég gerði það sjálf(ur)
☐₂ Ég gerði það í samráði við aðra
☐₃ Sá sem sendi tilvísun tók ákvörðunina
☐₄ Annað _____

6. Hvað varstu búin(n) að bíða lengi eftir því að komast í endurhæfingarúrræði hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands?

- ☐₁ _____ mánuði

7. Naust þú stuðnings eða hvatningar frá fjölskyldu og/eða vinum til að fara í starfsendurhæfinguna?

- ☐₁ Nei
☐₂ Já, frá hverjum? _____

8. Hvernig voru markmið endurhæfingar þinnar sett?

- ☐₁ Ég setti mér sjálf(ur) markmið
☐₂ Ég setti mér markmið í samvinnu við ráðgjafann
☐₃ Ráðgjafinn ákvað markmiðin mín

9. Varstu ánægð/ur eða óánægð/ur með það hvernig markmið endurhæfingar þinnar voru sett?

- ☐₁ Mjög ánægð/ur
☐₂ Frekar ánægðu/ur
☐₃ Frekar óánægð/ur
☐₄ Mjög óánægð/ur

10. Var starfsþjálfun hluti af starfsendurhæfingu þinni?

- ☐₁ Nei
☐₂ Já, í hvaða formi? _____

11. Fékkst þú ráðgjöf hjá sálfræðingi meðan þú varst í starfsendurhæfingunni?

- ☐₁ Nei
☐₂ Já

12. Fékkst þú aðstoð til heilsuefningar (hreyfing og líkamsrækt) meðan þú varst í starfsendurhæfingunni?

☐₁ Nei

☐₂ Já, í hvaða formi? _____

13. Hvernig var tekjuöflun þinni og framfærslu háttað **fyrir** endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands?

	Já	Nei
aLaun frá vinnuveitanda	☐ ₁	☐ ₂
bTekjur af eigin atvinnurekstri	☐ ₁	☐ ₂
cAtvinnuleysisbætur	☐ ₁	☐ ₂
dFjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga	☐ ₁	☐ ₂
eDagpeningar frá sjúkrasjóði stéttarfélags	☐ ₁	☐ ₂
fEndurhæfingarlífeyrir frá TR	☐ ₁	☐ ₂
gÖrorkulífeyrir frá TR	☐ ₁	☐ ₂
hLífeyrissjóðsgreiðslur	☐ ₁	☐ ₂
iAðrar tekjur	☐ ₁	☐ ₂
jFramfærsla frá fjölskyldu eða maka	☐ ₁	☐ ₂

14. Húsnæðið sem þú býrð í, er það...

☐₁ Eigið húsnæði

☐₂ Í foreldrahúsum eða annarra ættingja

☐₃ Leiguhúsnæði

☐₄ Annað _____

15. Hversu margir eru heimilismenn alls, að þér meðtalinni/meðtöldum?

Fjöldi heimilismanna: _____

16. Telur þú að húsnæðið sem þú býrð í sé ásættanlegt?

☐₁ Mjög ásættanlegt

☐₂ Frekar ásættanlegt

☐₃ Hvorki ásættanlegt né óásættanlegt

☐₄ Frekar óásættanlegt

☐₅ Mjög óásættanlegt

17. Ertu í einhverju námi núna?

- ☐₁ Já
☐₂ Nei → **svaraðu næst spurningu 19**

18. Í hvaða námi ertu núna?

- ☐₁ Námskeiði
☐₂ Áfanga á framhaldsskólastigi
☐₃ Stuttu starfsnámi
☐₄ Iðnnámi
☐₅ Námi til stúdentsprófs
☐₆ Námi á háskólastigi
☐₇ Öðru námi

19. Hvað hindrar þig helst í því að fara í frekara nám?

- ☐₁ Heilsuleysi
☐₂ Hef ekki efni á því
☐₃ Fjarlægð (bý í dreifbýli/ á landsbyggðinni)
☐₄ Aðgengi/ aðstæður í skólahúsnæði
☐₅ Vantar upplýsingar og/eða ráðgjöf
☐₆ Vantar námsaðstoð
☐₇ Vantar barnapössun
☐₈ Vantar þor (þori ekki)
☐₉ Annað, hvað? _____

20. Hefur þú haft einhverja vinnu síðan þú laukst starfsendurhæfingunni?

- ☐₁ Já
☐₂ Nei → **svaraðu næst spurningu 23**

21. Hefur þú verið í launaðri vinnu á síðastliðnum sex mánuðum (síðan í maí)?

- ☐₁ Já, hlutastarfi undir 50%
☐₂ Já, yfir 50% starfi
☐₃ Nei

22. Hversu marga tíma á viku vannst þú að jafnaði við launuð störf í október mánuði?

- ☐₁ Ekkert
☐₂ 10 tíma eða færri
☐₃ 10 - 19

- ☐₄ 20 – 29
- ☐₅ 30 - 39
- ☐₆ 40 tíma eða fleiri

23. Hvað hindrar þig helst í því að fara út á vinnumarkaðinn?

- ☐₁ Heilsuleysi
- ☐₂ Fjárhagsafkoman er betri ef ég sleppi því
- ☐₃ Fjarlægð (bý í dreifbýli/ á landsbyggðinni)
- ☐₄ Fæ ekki vinnu (er í virkri atvinnuleit)
- ☐₅ Vantar upplýsingar og/eða ráðgjöf
- ☐₆ Vantar aðstoð
- ☐₇ Vantar barnapössun
- ☐₈ Vantar þor (þori ekki)
- ☐₉ Annað, hvað? _____

24. Hefur þú stundað einhverja **ólaunaða vinnu** á síðastliðnum sex mánuðum, t.d. barnapössun, umönnun aldraðra/sjúkra eða önnur sjálfboðastörf (þar með talið fyrir vini og vandamenn)?

- ☐₁ Já
- ☐₂ Nei

25. Hversu marga tíma á viku að jafnaði sinnir þú **ólaunaðri vinnu** (fyrir utan almenn heimilisstörf)?

- ☐₁ 10 tíma eða færri
- ☐₂ 10 - 19
- ☐₃ 20 - 29
- ☐₄ 30 - 39
- ☐₅ 40 tíma eða fleiri

26. Hversu miklum eða litlum árangri telur þú að starfsendurhæfingin hafi skilað þér?

- ☐₁ Mjög miklum árangri
- ☐₂ Frekar miklum árangri
- ☐₃ Frekar litlum árangri
- ☐₄ Litlum eða engum árangri

27. Í hverju er árangurinn af starfsendurhæfingunni helst fólgin? **Hægt er að merkja við fleiri en eitt atriði**

- ☐_a Stuðlaði að vinnu
- ☐_e Aukinni þátttöku í félagslífi
- ☐_b Stuðlaði að námi
- ☐_f Betri heilsu og/eða líðan

- ☐_c Auknu sjálfstrausti
☐_d Auknu sjálfstæði

- ☐_g Almennt auknum lífsgæðum
☐_h Engu
☐_i Öðru, hverju? _____

28. Hvert af eftirtöldu telur þú að hafi komið þér að mestu gagni í starfsendurhæfingunni? Merktu við þrjú atriði og raðaðu þeim 1, 2, 3, þar sem 1 hefur komið mest að gagni o.s.frv.

- _____ Fræðslan
 _____ Heilsueflingin
 _____ Námskeiðin
 _____ Sálfræðiaðstoðin
 _____ Starfsþjálfunin

29. Hvernig er tekjuöflun þinni og framfærslu háttað **eftir** endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands?

	Já	Nei
^a Laun frá vinnuveitanda	☐ ₁	☐ ₂
^b Tekjur af eigin atvinnurekstri	☐ ₁	☐ ₂
^c Atvinnuleysisbætur	☐ ₁	☐ ₂
^d Fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga	☐ ₁	☐ ₂
^e Dagpeningar frá sjúkrasjóði stéttarfélags	☐ ₁	☐ ₂
^f Endurhæfingarlífeyrir frá TR	☐ ₁	☐ ₂
^g Örorkulífeyrir frá TR	☐ ₁	☐ ₂
^h Lífeyrissjóðsgreiðslur	☐ ₁	☐ ₂
ⁱ Aðrar tekjur	☐ ₁	☐ ₂
^j Framfærsla frá fjölskyldu eða maka	☐ ₁	☐ ₂

30. Hverjar voru heildartekjur heimilisins fyrir skatta í síðasta mánuði?

Heildartekjur fyrir skatta: _____ þúsund krónur

31. Breyttust tekjur þínar eftir að þú laukst starfsendurhæfingu?

- ☐₁ Já, tekjurnar hækkuðu
☐₂ Já, tekjurnar lækkuðu
☐₃ Nei, tekjurnar eru svipaðar fyrir og eftir starfsendurhæfingu

32. Hefur þú eða fjölskylda þín notið einhverrar aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélags eftir að starfsendurhæfingu lauk?

- ☐₁ Já
☐₂ Nei

33. Telur þú þig vera fátæka(n)?

- ☐₁ Já
☐₂ Nei

34. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fjárhagsafkomu þína?

Merktu við á skalanum 1 – 10 þar sem 1 er mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur)

Mjög óánægð(ur) **1** **2** **3** **4** **5** **6** **7** **8** **9** **10** Mjög ánægð(ur)

35. Telur þú að félagsleg einangrun þín hafi aukist eða minnkað við þátttöku þína í starfsendurhæfingunni?

- ☐₁ Hún er meiri en áður var
☐₂ Hún er svipuð og áður var
☐₃ Hún er minni en áður var

36. Hefur þú fengið einhverja aðra endurhæfingu eftir að þú laukst starfsendurhæfingunni hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands?

- ☐₁ Nei
☐₂ Já, hvaða? _____

37. Hvernig finnst þér heilsa þín vera þegar á heildina er litið?

- ☐₁ Mjög góð
☐₂ Frekar góð
☐₃ Hvorki góð né slæm
☐₄ Frekar slæm
☐₅ Mjög slæm

38. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér heilsa þín vera nú ef þú berð hana saman við heilsu þína fyrir starfsendurhæfingu?

- ☐₁ Miklu betri

- ☐₂ Nokkuð betri
- ☐₃ Svipuð
- ☐₄ Nokkuð verri
- ☐₅ Miklu verri

39. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með líf þitt almennt?

Merktu við á skalanum 1 – 10 þar sem 1 er mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur)

Mjög óánægð(ur) **1 2 3 4 5 6 7 8 9 10** Mjög ánægð(ur)

KÆRAR ÞAKKIR FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!

ATH! EKKI ÞARF AÐ SENDA SPURNINGALISTANN TIL BAKA
HRINGT VERÐUR Í ÞIG DAGANA 19. – 24. NÓVEMBER OG SVÖR SKRÁÐ SÍMLEIÐIS

Verkefnið var styrkt af;



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

